

Tími og lýsing í
Ein komst undan



Hipparnir rugga
Spotify-bátnum



FASTEIGNASALAN
TORG
KRAFTUR TRAUST ÁRANGUR

Menning > 13

Lífið > 20

FRÉTTABLAÐIÐ

21. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

frettabladid.is

ÞRIÐJUDAGUR 1. FEBRÚAR 2022



„Þau eru orðin sjóaðri í þessu,“ sagði Anna Bryndís Blöndal lyfjafræðingur um bólusetningar á börnum sem fram fóru í gær og munu halda áfram í vikunni. Hún segir að gærdagurinn hafi verið sá auðveldasti hingað til, en talsvert færri börn mættu en fyrri daga, meðal annars vegna veðurs.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Umboðsmaður Alþingis heimsótti Litla-Hraun

Margir greindust á Litla-Hrauni í síðustu viku með Covid-19. Umboðsmaður Alþingis kannaði aðstæður í fangelsinu í gær. Hann segir aðgengi fanga að skimun mikilvægt svo að einangrun lengist ekki óþarflega.

lovisa@frettabladid.is

FANGELSISMÁL Umboðsmaður Alþingis kom athugasemdum sínum varðandi einangrun og sóttkví fanga á Litla-Hrauni munnlega til fang-

elsmálavirvalda eftir heimsókn embættisins í fangelsið í gær.

„Við væntanlega lokum málinu með bréfi en helstu athugasemdum hefur verið komið á framfæri við fangelsismálastjóra og forstöðumann fangelsisins og það er góður vilji til samvinnu af þeirra hálfu,“ segir Skúli Magnússon, umboðsmaður Alþingis.

Tílefni heimsóknarinnar var meðal annars fréttir um heimsóknabann og takmarkanir í fangelsinu eftir kórónaveirusmit meðal fanga í síðustu viku. Rætt var við forstöðu-



Skúli Magnússon,
umboðsmaður
Alþingis

mann fangelsisins, annað starfsfólk og svo við fanga, bæði í sóttkví og einangrun.

„Það er búið að haga málum þannig að fangar geta verið eins mikið og hægt er frjálssir ferða sinna og þann-

ig búið að skipta fangelsinu upp að menn eru annað hvort í einangrun saman eða í sóttkví saman,“ segir Skúli. Allt fangelsið var í annað hvort sóttkví eða einangrun.

Í fáum tilfellum var þetta ekki hægt. Því hafa nokkrir fangar verið inni í klefa og ekki getað farið fram eða notað sameiginlega aðstöðu í einangruninni.

Skúli segir helst kvartað um töf á prófum til að staðfesta smit eða losa fanga úr sóttkví. Því hafi upphafsdegi smits seinkað eða sóttkví verið lengri en nauðsynlegt var.

„Einangrun og sóttkví kemur öðruvísi niður á mönnum sem eru frelsissviptir en þeim sem eru frjálssir ferða sinna,“ segir Skúli. Því hafi verið skoðað hvort sóttkví og einangrun væri sem minnst íþyngjandi.

„Að mínu mati var þetta mjög brýnt og það verður að hafa það í huga með þessa menn að þeir eru í talsvert annarri stöðu en almennir borgarar sem geta sjálfir leitað eftir þessum prófum eða haft frumkvæði að því,“ segir Skúli. Áriðandi sé að fangelsismálavirvöld sjái til þess að það sé gert eins skjótt og hægt er. ■

Settu saman þinn ID.4 GTX á www.hekla.is/gtx

Verð frá 7.150.000 kr.



ID.4 GTX

Fullvaxinn fjórhjóladrifinn rafmagnsbíll

HEKLA · Sími 590 5000 · Laugavegur 170



Komdu og
prófaðu!

Óvíst um framboð í formannsstólinn

bth@frettabladid.is

VERKALÝÐSMÁL „Þetta gengur brösuglega, það gengur ekki nógu vel. Það er þó ekki útilokað að við náum þessum lista saman,“ segir Guðmundur Jónatan Baldursson.

Guðmundur hugðist taka þátt í formannsslag Eflingar ásamt Ólöfu Helgu Adolfsdóttur og Sólveigu Önnu Jónsdóttur. Að sögn Guðmundar vantar enn nokkra tugi stuðningsundirskrifta til að koma saman listanum.



Það er alltaf hjólað í manninn.




Guðmundur Jónatan Baldursson

„Við erum að safna. Ég kem úr rútbílaheiminum og karlarnir eru tvístraðir út um allt,“ segir Guðmundur. Skila þarf listum fyrir klukkan níu í fyrramálið.

„Eitt vandamálið er að það er svo erfitt að ræða hlutina eins og þeir eru. Það er alltaf hjólað í manninn,“ segir Guðmundur. ■

Reykjavíkurleikarnir á útopnu



Diana Zavjalova frá Lettlandi er meðal keppenda á Reykjavíkurleikunum sem nú fara fram og standa fram á sunnudag. Riðlakeppnin í keilu hófst á laugardag og munu fjórir keppendur sem lengst komast útkljá málin sín á milli á fimmtudaginn í Egilshöll þar sem keilukeppnin fer fram. **FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI**

Helmingur smita frá upphafi í janúar

kristinnpall@frettabladid.is

COVID-19 Rúmlega helmingur þeirra 67.673 kórónaveirusmita sem hafa greinst hér á landi frá upphafi greindust í janúarmánuði. Með smittölum helgarinnar var heildarfjöldi smita kominn í tæplega 34.700 hér á landi og með sama áframhaldi nær smitfjöldinn yfir hundrað þúsund öðrum hvorum megin við næstu mánaðamót.

Undir lok febrúarmánaðar verða tvö ár liðin frá því að fyrsta kórónaveirusmitið kom upp hér á landi. Á fyrsta ári faraldursins greindust rúmlega sex þúsund manns með Covid-19 og þótti stórmál þegar smitin voru hundrað á dag. Með stökkbreyttum afbrigðum hefur tilfellum fjölgað ört og voru aðeins sex dagar í janúarmánuði þar sem smitin voru undir þúsund á dag.



Rúmlega milljón sýni hafa verið tekin innanlands. **FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR**

Um leið hefur alvarlegum tilvikum fækkað eins og sést á tölum gærdagsins þegar rúmlega tíu þúsund manns voru í einangrun og aðeins þrjár á gjörgæslu. ■

Fíknifræðingar fá ekki leyfi og segja það bitna á fólkinu

Fíknifræðingur segir það bitna illa á skjólstæðingum sínum að þeir fá ekki starfsleyfi hér á landi. Skilyrði fyrir starfsleyfinu séu sniðin að námi áfengis- og vímuefnaráðgjafa hjá SÁÁ.

birnadrofn@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Vagnbjörg Magnúsdóttir, fíknifræðingur og stofnandi Vörðunnar meðferðarstofu, segir það bitna á skjólstæðingum sínum og kollega sinna að fíknifræðingar fái ekki starfsleyfi frá Embætti landlæknis.

Samkvæmt reglugerð um menntun, réttindi og skyldur áfengis- og vímuefnaráðgjafa eru skilyrði fyrir starfsleyfi þau að umsækjandi hafi verið í fullu starfi eða í sex þúsund klukkustundir við áfengis- og vímuefnaráðgjöf á heilbrigðisstofnun. Þetta samsvarar þriggja ára starfi.

Þá skal umbjóðandi hafa fengið kennslu í 300 klukkustundir sem lúti meðal annars að lyfjafræði ávana- og vímuefna og siðfræði áfengis meðferðar. Hann skal hafa fengið leiðsögn frá þar til bærum heilbrigðisstarfsmanni í alls 225 klukkustundir, þar af 75 tíma í beinni handleiðslu.

Nám í áfengis- og vímuefnaráðgjöf, sem fram fer á heilbrigðisstofnunum SÁÁ, felur í sér sömu kröfur og skilyrði og útlustuð eru í reglugerðinni samkvæmt upplýsingum á vefsíðu SÁÁ og segir Vagnbjörg ógerlegt fyrir aðra en þá sem fari í gegnum það nám að uppfylla skilyrðin.

„Þetta eru bara nákvæmlega sömu kröfur og þar sem við erum starfandi á einkastofum er ógerlegt fyrir okkur að fylla upp í þennan tíma-fjölda,“ segir Vagnbjörg og bendir á að fíkniráðgjafar hjá Vörðunni hafi meistaraáráðu frá Hazelden Betty Ford Graduate School of Addiction



Skjólstæðingar fíknifræðinga fá meðferð sjaldan eða aldrei niðurgreidda þar sem fíknifræðingarnir fá ekki starfsleyfi. **FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY**



Vagnbjörg Magnúsdóttir fíknifræðingur

Studies í Bandaríkjunum. Námið sé áfallamiðað, ólíkt námi áfengis- og vímuefnaráðgjafa hér. Þá hafi þær skilað inn nær þúsund vinnustundum í námi ásamt því að hafa verið í handleiðslu allan tímann.

Fagfélag fíknifræðinga hefur líka sótt um löggildingu starfsheitis sem heilbrigðisstétt til heilbrigðisráðuneytisins og fékk neitun í maí árið 2020. Í ákvörðun ráðuneytisins segir „að ekki verði séð að löggilding stéttarinnar sé nauðsynleg með tilliti til öryggis og hagsmuna sjúklings.“

Vagnbjörg segir að fyrir henni felist tvennt í því að ráðuneytið neiti beiðni félagsins um löggildingu starfsheitis sem heilbrigðisstéttar.

„Annars vegar þarf að vernda þennan hóp fyrir okkur, það er meðferðaraðilum sem þjónusta þau, og gefa þeim platform til þess að kvarta ef þau telja á sér brotið, við vitum hversu oft það hefur gerst,“ segir hún. Nú heyrir fíknifræðingar ekki undir neinn.

„Það er í raun bara hægt að hefja einkamál á hendur okkur ef við brjótum á skjólstæðingum. Hins vegar eru örfáir sem greiða niður þjónustuna og Félagsþjónusta Reykjavíkurborgar, sem er með marga skjólstæðinga með fíknivanda, hefur hætt að greiða niður en hún gerði það á tímabili á einhvers konar undanþágu,“ segir Vagnbjörg.

„Niðurgreiðsla til skjólstæðinga er mikilvægasti þátturinn í því að við fáum starfsleyfi,“ segir Vagnbjörg. „Það að fólk hafi val um það hvert það leitar í ráðgjöf, við viljum ekki stíga á tær SÁÁ eða annarra heldur veita fólki þá ráðgjöf sem það þarf eftir að það hefur fengið læknishjálp ef það er það sem það þarf.“ ■

Sanngirnissbætur Innköllun



Með auglýsingu hefur sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra kallað eftir kröfum frá þeim sem dvöldu á stofnun fyrir fötluð börn fyrir 1. febrúar 1993. Frestur til að lýsa kröfu var tilgreindur fram til 1. febrúar 2022.

Nú hefur verið ákveðið að framlengja frestinn fram til 21. febrúar 2022 og er hér með er skorað á alla þá, eða aðra í þeirra umboði, sem dvöldu á stofnun fyrir fötluð börn, einni eða fleiri, fyrir 1. febrúar 1993 og urðu þar fyrir misgjörðum sem olli þeim varanlegum skaða, að lýsa kröfu um sanngirnissbætur hjá sýslumanninum á Norðurlandi eystra fyrir 21. febrúar 2022.

Kröfur skulu sendar til skrifstofu Sýslumannsins á Norðurlandi eystra, að Gránugötu 4-6, 580 Siglufirði.

Verði kröfu ekki lýst fyrir tilgreindan frest, fellur hún niður.

Bent er á að unnt er að leita aðstoðar tengiliðar vegna stofnana fyrir fötluð börn við framsetningu og skil á bótakröfu. Aðstoð tengiliðar er endurgjaldslaus. Netfang tengiliðar er tengilidur@tengilidur.is

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra




VIÐ FRAMLENGJUM ÁBYRGÐINA ÞEGAR ÞÚ KEMUR MEÐ BÍLINN Í ÞJÓNUSTUSKOÐUN **TOYOTA RELAX**



Við framlengjum ábyrgðina á Toyota bílnum þínum um 12 mánuði* í senn þegar þú kemur í þjónustuskoðun hjá viðurkenndum þjónustuaðila Toyota. **Toyota Relax** er í boði þar til bíllinn verður 10 ára eða hann ekinn 200.000 kílómetra - hvort sem fyrr kemur.

Nánari upplýsingar á www.toyota.is



* Toyota RELAX ábyrgð gildir í 12 mánuði frá og með þjónustuskoðun bifreiðar eða í 15 þúsund km akstur (20 þúsund í tilvikum Proace) - hvort sem fyrr kemur. Íhlutir sem gert er athugasemd við í þjónustuskoðun og sem ekki eru lagaðir falla ekki undir Toyota RELAX ábyrgð. Bíll er gjaldgengur í Toyota RELAX ef hann er fluttur inn af Toyota á Íslandi, er keyrður minna en 200 þúsund km og er ekki orðinn 10 ára gamall. Bílar með minna en 12 mánuði eftir af núgildandi ábyrgð (5 ára eða 7 ára) eru EINNIG gjaldgengir í Toyota RELAX - að öðrum skilyrðum uppfylltum. Fyrirvari við 5 og 7 ára ábyrgð bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingum ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds.

Enn óvissa um val á framboðslista hjá Sjálfstæðisflokknum

adalheidur@frettabladid.is

STJÓRN MÁL Enn er óákveðið hvernig valið verður á framboðslista Sjálfstæðisflokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar í vor. Ákvörðun sem samþykkt var á stjórnarfundum í Verði stuttu fyrir jóli, um leiðtogaprófkjör og uppstillingu, hefur enn ekki verið staðfest af fulltrúaráði flokksins í

Reykjavík, en ekkert varð af fundi fulltrúaráðs sem til stóð að boða 4. janúar.

Þá hefur stjórn Varðar heldur ekki komið saman síðan fyrir jóli, til að ákveða hvert framhaldið verður, en í kjölfar mikils þrýstings frá flokksfólki hefur verið boðað til stjórnarfundar á fimmtudaginn.

Eins og Fréttablaðið greindi frá vakti fyrrnefnd ákvörðun stjórnar



Höfuðstöðvar Sjálfstæðisflokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Varðar mikla reiði, bæði vegna þess hvernig hún var borin upp á fundi, stjórnarmönnum að övörum, en einnig vegna sterkrar prófkjörshefðar í flokknum.

Flokksmenn sem Fréttablaðið hefur rætt við lýsa stöðunni þannig að algert stjórnsleysi hafi ríkt hjá Verði undanfarnar vikur enda flestir aðrir flokkar búnir að boða prófkjör eða annars konar flokks-

val og barátta frambjóðenda farin af stað.

Á meðan ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvernig valið verður á lista biður flokksfólk sem hyggur á framboð í Reykjavík átekta uns málin skýrast.

Liklegast þykir að á fundinum á fimmtudag verði ákveðið að falla frá fyrri áformum og lagt til að fram fari hefðbundið prófkjör. ■



Heimilissorp. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Innleiði nýtt kerfi fyrir sorpflokkun

jonthor@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL Í skýrslu Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) er nýtt samræmt sorphirðukerfi lagt til.

Tillögurnar eiga við um öll heimili á höfuðborgarsvæðinu og varða úrgang sem yrði skipt í fjóra flokka. Ættu því heimili að flokka úrgang sinn í lífrænan eldhúsúrgang, blandað heimilissorp, pappír og pappa, og plastumbúðir. Þá er lagt til að grenndargámar verði fleiri.

Vonast er til að aðildarsveitarfélög SSH ljúki umræðu og nái niðurstöðu um tillögurnar á næstu vikum. ■

Lönduðu á fjórða þúsund tonnum

benediktboas@frettabladid.is

VEIDAR Börkur NK kom til Seyðisfjarðar í vikunni með fullfermi af loðnu, alls rúmlega 3.400 tonn. Líklega hefur loðnuskip aldrei fært jafnmikinn afla að landi, segir í frétt Síldarvinnslunnar. Börkur landaði 3.200 tonnum fyrir tveimur vikum.

Það er ekki hægt að kvarta yfir slíkum aflabrógðum,“ sagði Hjörvar Hjálmarsson skipstjóri við SVN.

Adeins þrjú skip í flotanum geta komið með álíka afla að landi, systurskipið Vilhelm Þorsteinsson EA og Beitir NK. ■

Loftslagskvíði nemenda í háskólum og framhaldsskólum orðinn faraldur

Sextíu prósent ungmenna telja mannkyndi dauðadæmt vegna hnattrænna loftslagsbreytinga. Hægt er að tala um faraldur er kemur að versnandi geðheilsu ungmenna, að sögn aðjúnkt við HR. Vantrú á stjórnvöld fer vaxandi.

bth@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL Kristján Vigfússon, sérfræðingur í stefnumótun og aðjúnkt við Háskólann í Reykjavík, segir loftslagskvíða barna og ungmenna gríðarlegt áhyggjuefni. Nýleg könnun sýni að 60 prósent ungs fólks hafi svo miklar áhyggjur að þau telji mannkyndi dauðadæmt.

„Ég hef kennt námskeið um sjálfbærni í mörg ár og sé marktækan mun á hvað nemendur mínir, bæði hér innanlands og í Boston, eru orðnir miklu svartsýnni frá 2007,“ segir Kristján. „Loftslagsmálin eru risastórt mál en annað og vaxandi vandamál er hvaða áhrif sú framtíðarsýn sem við blasir að óbreyttu hefur á andlega heilsu barnanna okkar,“ bætir hann við.

Sem dæmi um áhrif internetsins nefnir Kristján að sá sem gúgli „climate change“ eða „global warming“ fái upp fjóra milljarða af heimildum, fleiri síður en leitarniðurstöður þegar slegið er inn „viðskipti“, „stjórnsmál“ eða „fátækt“.

„Það sem er við að eiga eru stanslausar fréttir af heimsendasþá.“


Kristján segir að nemendur hans í námskeiði um sjálfbærni hjá HR spyrji æ oftar hvort baráttan sé ekki vonlaus. „Krökkunum finnst að þróunin sé svo langt gengin. Von þeirra liggur helst í nýrri tækni en vonbrigði þeirra eru stjórnvöld.“ Þá heyrir hann æ oftar í kennslustundum að nemendur hans ætli ekki að



Rauður þráður í áhyggjum íslenskra nemenda er vantrú á stjórnvöld. Myndin er af ríkisstjórni Katrínar Jakobsdóttur sem mynduð var undir lok síðasta árs.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Hve miklar áhyggjur hefur þú af loftslagsbreytingum?



Byggt á 10.000 svörum 16-25 ára ungmenna um allan heim.

eignast börn, þar sem framtíðin sé svo óviss.

Áhyggjur nema í HR skera sig ekki úr frá viðhorfum ungmenna í öðrum löndum. Í nýrri alheimskönnun, samstarfsverkefni fjölmargra háskóla, sögðust 75 prósent ungmenna á aldrinum 16-25 hafa áhyggjur eða miklar áhyggjur af loftslagsmálum. Kristján segir að í raun telji um 60 prósent ungmenna mannkyndi dauðadæmt.

„Þau upplifa sig valdalaus,“ segir Kristján. „Þau upplifa áföll, ótta, kvíða, geðraskanir, árátthegðun, hræðslu, einangrun, reiði, vonleysi og skömm.“

Kristján segir að stjórnvöld verði að bregðast við með auknum krafti.

„Þetta er að verða faraldur og mun bitna á geðheilsu núverandi og komandi kynslóða. Loftslagsmálin eru nógu kvíðvænleg ein og sér en afleiðingar kvíðans einar og sér eru líka grafalvarlegt mál.“

Hann bendir á að á sama tíma sé rifist um hvort sálfræðiþjónusta og þjónusta fagaðila á þessu sviði eigi að vera niðurgreidd eða ekki. „Við erum kannski að tala um stærsta markaðsbrest sem mannkyndi hefur staðið frammi fyrir. Hið kapítalíska hagkerfi ræður ekki við verkefnið. Það er þörf á aukinni miðstýringu. Ríkið þarf að stiga fastar inn og setja sérstaklega fyrirtækjum fastari skorður.“

Áhersla fyrirtækjanna sé á



Þau upplifa áföll, ótta, kvíða, geðraskanir, árátthegðun, hræðslu, einangrun, reiði, vonleysi og skömm.



Kristján Vigfússon, aðjúnkt við HR

skammtímauppgjör, hagnað. „Þess vegna verða stjórnvöld að stiga inn, fyrirtækjunum er einum og sér ekki treystandi til að leysa þennan vanda.“ ■

EIGUM BÍLA TIL AFGREIÐSLU STRAX. KOMDU OG REYNSLUAKTU!

ALVÖRU JEPPI – ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

5 ÁRA ÁBYRGÐ

8 8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAFHLOÐU

PLUG-IN HYBRID



JEEP COMPASS LIMITED TROÐFULLUR AF AUKABÚNAÐI 7.479.000 KR.



JEEP RENEGADE TRAILHAWK TROÐFULLUR AF AUKABÚNAÐI 6.499.000 KR.

Jeep rafknúna jepparnir henta íslenskum aðstæðum um allt land

ISBAND

UMBODSADILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep | 4xe



PARKET - FLÍSAM - HURÐIR

VETRAR ÚTSALA

VERÐDÆMI

KRONOTEX HARÐPARKET

8 mm AC4 VERÐ FRÁ **1.590** KR. m²

10 mm AC5 VERÐ FRÁ **2.990** KR. m²

12 mm AC5 VERÐ FRÁ **3.890** KR. m²

VIÐARPARKET

KÄHRS 3JA STAFA VERÐ FRÁ **5.990** KR. m²

BJELIN PLANKAPARKET VERÐ FRÁ **5.990** KR. m²

VÍNYPARKET

VERÐ FRÁ **4.290** KR. m²

VEGG- & GÓLFLÍSAM

30x60 cm hvítar veggflísam VERÐ FRÁ **2.990** KR. m²

60x60 cm vegg- og gólfplísam VERÐ FRÁ **4.290** KR. m²

RINGO INNIHURÐIR

HVÍT HURÐ VERÐ FRÁ **39.990** KR.

20% afsláttur af öllum fylgihlutum fyrir hurðir

40% AFSLÁTTUR AF FYLGIHLOTUM
FYRIR PARKET OG FLÍSAM

Birgisson®

Vilja þróa útgönguleið fyrir fólk sem vill hætta í vændi

arib@frettabladid.is

REYKJAVÍK Aðgerðaáætlun gegn ofbeldi verður lögð fram í borgarstjórn Reykjavíkurborgar í dag. Um er að ræða 55 aðgerðir sem er ætlað að veita yfirsýn yfir verkefni borgarinnar sem beinast gegn ofbeldi, listinn er þó ekki tæmandi og er hann einnig hugsaður sem vegvísir.

„Eitt af verkefnum sem lögð er áhersla á er að þróa fræðslu um afleiðingar vændis og leiðir til að styðja þolendur vændis sem vilja stuðning,“ segir Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður ofbeldisvarnarnefndar. „Þarna viljum við þróa eins konar exit-plan fyrir fólk sem vill hætta í vændi en þó nokkuð hefur verið um slík mál undanfarið og



Heiða Björg Hilmisdóttir, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar og formaður ofbeldisvarnarnefndar

viðbrögð mættu vera samhæðari.“ Hvað varðar ungt fólk og forvarnir er lögð áhersla á fjölbreytta fræðslu alla skólagönguna um mörk, staðalmyndir, ofbeldi almennt og þegar börn hafa aldur til bætist við fræðslu um heilbrigð sambönd, ofbeldi í samböndum, kynlíf og kynferðisofbeldi. „Þannig að þau þekki muninn og geti auðveldar

greint á milli og viti hvert á að leita eftir ráðum og hjálp,“ segir Heiða Björg.

„Farið verður yfir alla ferla um viðbrögð við grun um ofbeldi og teymi í hverjum skóla auk þess sem starfandi er sérstakt teymi fagfólks sem tekur á kynferðisbrotamálum sem því miður koma upp meðal grunnskólubarna í Reykjavík.“ ■

Baðst afsökunar

jonthor@frettabladid.is

BRETLAND Boris Johnson, forsætisráðherra Bretlands, fékk í gær skýrslu um viðburði sem haldnir voru í Downingstræti 10 er strangar samkomutakmarkanir giltu. Í henni segir að sumir viðburðanna hefðu ekki átt að eiga sér stað.

Boris baðst í gær afsökunar í yfirlýsingu. Kollegar hans á þingi kalla enn eftir afsögn hans. ■



Boris Johnson, forsætisráðherra Bretlands

Dýpka ekki nema veðrið sé gott

benediktboas@frettabladid.is

SAMGÖNGUR „Eðlilegt væri að aðeins þyrfti í mesta lagi einn dag til að ná þessum 9.000 rúmmetrum,“ segir Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, en Landeyjahöfn er lokuð vegna sands.



Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum

Samkvæmt Vegagerðinni gæti tekið þrjá til fjóra daga við góðar aðstæður að hreinsa sandinn. „Umhverfisdýpið er nægt samkvæmt þeim mælingum sem gerðar hafa verið og því bara þessi tappi í mynninu sem stoppar siglingar,“ segir Íris og bendir á að bæjarstjórn hafi margt sagt að tæknileg geta þess aðila sem sinni dýpkun sé mjög takmörkuð og engan vegin ásættanleg. „Það skiptir máli hversu mikið er hægt að afkasta á dag þegar veðurgluggarnir eru fái,“ segir hún. ■

Kanna á lagaumhverfi líkhúsa vegna vanda sveitarfélaga á landsbyggðinni

Lagaóvissa ríkir um rekstur líkhúsa þrátt fyrir að ítrekað hafi verið bent á vandann. Formaður Kirkjugarðasambandsins segir aðstöðu líkhúsa líða fyrir og vera á eftir því sem er í nágrennaríkjum.

kristinnhaukur@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Samband íslenskra sveitarfélaga segir að sveitarfélög ættu ekki að vera knúin til þess að reka líkhús. Vandamál hafa komið upp í tveimur sveitarfélögum á landsbyggðinni þar sem tekist er á um rekstur líkhúss en reksturinn er hvergi skilgreindur í lögum.

„Sveitarfélag ætti ekki að vera knúin til að sinna verkefnum sem því er ekki falið samkvæmt lögum. Kjarninn í sveitarstjórnarlögum er að sveitarfélög sinni þeim verkefnum sem þeim eru falin. Til þessa hefur rekstur líkhúss ekki verið talinn þar undir. Síðan geta þau valið önnur verkefni í þágu íbúanna,“ segir Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins.

Í Múlaþingi er deilt um hver eigi að reka líkhús á Egilsstöðum, sveitarfélagið, kirkjugarðurinn eða heilsugæslan sem vill losna við reksturinn. Fyrir rúmu ári kom upp sambærilegt mál í Langanesbyggð þar sem sóknarnefnd vildi losna við rekstur líkhússins í Þórshafnarkirkju en samdi að lokum við sveitarfélagið um áframhald. Sveitarfélögin hafa lýst yfir óánægju með lagaóvissuna.

Í svari dómismálaráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins kemur fram að svo virðist sem engin stofnun sé skyldug til að reka líkhús. „Ekki virðast nein ákvæði í lögum um skyldur til að reisa eða reka líkhús. Dómismálaráðuneytið mun kanna hvort og þá hvernig slíkt ætti að koma fyrir í lögum,“ segir í svarinu.

Lík eru geymd í allt að þrjár vikur í líkhúsi við 6 til 8 gráða kælingu. Á landsbyggðinni eru það yfirleitt



Aðbúnaður líkhúsa er á eftir því sem gerist í nágrennaríkjum enda engar reglur til.

MYND/KGRP



Við höfum margsinnis vakið athygli á þessu, við ráðuneytið og Alþingi, sem hafa daufheyrst við.



Þórsteinn Ragnarsson, forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkurprófestsdæmanna

heilsugæslur sem reka líkhús eða þá kirkjan eins og til dæmis á Akureyri og í Hornafirði. Til eru þó einkarekin líkhús. Alls eru geymslur fyrir á þriðja hundrad lík á landinu. Á höfuðborgarsvæðinu reka Kirkjugarðar Reykjavíkurprófestsdæmanna (KGRP) líkhús í Fossvoginum og óvissan snertir það líka.

„Það er enginn áhugi á að vinna að þessum málum,“ segir Þórsteinn Ragnarsson, forstjóri KGRP og formaður KGSÍ, Kirkjugarðasambands Íslands. „Við höfum margsinnis vakið athygli á þessu, við ráðuneytið og Alþingi, sem hafa daufheyrst við.“

Árið 2004 bar KGSÍ þá tillögu upp við dómismálaráðuneytið að sambandið tæki yfir rekstur líkhúsanna á landinu. Því var ekki svarað. Hefur beiðnin verið margtrefuð síðan.

Ári seinna komu líkhúsamál inn á borð Umboðsmanns Alþingis, sem taldi KGRP ekki eiga að innheimta líkhúsgjöld þar sem líkhús væri ekki nauðsynlegur hluti af kirkjugarði

samkvæmt lögum. Í þeim úrskurði stóð einnig að lög um kirkjugarða væru ekki skýr um rekstur líkhúsa.

Frumvarp um breytingu á kirkjugarðalögum var lagt fram árið 2012. Samkvæmt greinargerð var talið nauðsynlegt að setja reglur um líkhús vegna heilbrigðissjónarmiða, svo sem um stærð og lágmarksbúnað, en það tók hins vegar ekki á rekstrinum. Frumvarpið var ekki afgreitt sem lög og síðan þá hefur ekkert sambærilegt frumvarp verið unnið.

Þórsteinn segir þessa lagaóvissu bitna á starfseminni. Í Fossvoginum sé reynt að hafa líkhúsið eins vistlegt og unnt er en húsið sé komið til ára sinna og svari engan veginn þeim kröfum sem gerðar séu í nágrennaríkjum. Meðal annars séu stór og vel búin líkhús í hinum höfuðborgum Norðurlandanna. Því sé ekki að fagna hér. „Öll vinnuástaða er langt á eftir tímanum,“ segir Þórsteinn. ■

Óánægð með skipulagsmál á Akureyri

bth@frettabladid.is

AKUREYRI „Nei, þetta eru engin sérstök vonbrigði, það eru margir liðir sem lækka hjá okkur og ekki óeðlilegt að ánægja með skipulagsmál minnki vegna ágreinings um Oddeyrina og Tónatröð.“

Þetta segir Þórhallur Jónsson, formaður skipulagsráðs Akureyrarbæjar, en aðeins 25 prósent íbúa eru ánægð með skipulagsmál í bænum samkvæmt nýrri viðhorfakönnun Gallup.

„Það eru skiptar skoðanir um mál og óánægjuraddirnar eru háværar þótt þær séu ekki almennar,“ nefnir Þórhallur sem frekari skýringu.

Hann segir að vegna þéttingar



Þórhallur Jónsson formaður skipulagsráðs Akureyrarbæjar

byggðar hafi skipulagsyfyrirvöld líka fengið mikil viðbrögð um að bæjaryfirvöld séu að gera rétt. Til að mynda sé mikil ánægja hjá fagadílum um lóðamál.

Hilda Jana Gísladóttir, bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar á Akureyri, segir vegna niðurstöðunnar að bærin þurfi að gera betur. ■

Lett-tak þakeiningar Protan þakdúkar

Kíma ehf.
Sími 618 18 36 kima@kimachf.is

15%
AFSLÁTTUR
með kóðanum
Olís



15%
AFSLÁTTUR
með kóðanum
Olís



15%
AFSLÁTTUR
með kóðanum
Olís



**RALEIGH-
DURHAM**
NORÐUR-KARÓLÍNU

Ferðatímabil 12. maí-31. maí.

BOSTON

Ferðatímabil 1. mars-31. maí

OSLÓ

Ferðatímabil 1. mars-31. maí

Vinahópur



48 TÍMA HRAÐTILBOÐ*

Ef þú ert með lykil eða kort frá Olís og ÓB ertu í Vinahópnum og getur nýtt þér þetta spennandi hraðtilboð. Taktu skyndiákvörðun!

15%
AFSLÁTTUR
með kóðanum
Olís



CHICAGO

Ferðatímabil 1. mars-31. maí

15%
AFSLÁTTUR
með kóðanum
Olís



MÜNCHEN

Ferðatímabil 1. mars-31. maí

15%
AFSLÁTTUR
með kóðanum
Olís



GLASGOW

Ferðatímabil 1. mars-31. maí



*Tilboðið er virkt 1. og 2. feb. eða í 48 tíma - frá miðnætti til miðnættis.
Kynntu þér málið á olis.is



Gagnrýnin



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

Mikil áhersla hefur verið lögð á það á Covid-tímum að skylt og rétt sé að hlýða sérfræðingum enda hafi þeir vit á hlutunum. Svo sannarlega ber að hlusta á sérfræðinga en hins vegar gleymist furðu glatt að þeir eru ekki allir sammála. Sérfræðingarnir sem eru ósammála Covid-aðgerðum stjórnvalda fá hins vegar lítið sem ekkert vægi í umræðunni, skoðanir þeirra eru talaðar niður eða jafnvel látið eins og þeir séu ekki til. Þetta getur hvorki talist gott né hollt. Hér á landi hafa sóttvarnaryfirlög sagt að þau séu ekki alvitur og hafa, þegar vel liggur á þeim, beðið um gagnrýni. Verra er að þegar sú gagnrýni hefur komið hafa viðbrögðin verið ansi dræm og jafnvel hefur verið gert lítið úr þeim sem koma fram með hana. Meðferðin á Jóni Ívari Einarssyni, prófessor við læknadeild Harvard-háskóla í Boston, er dæmi um þetta.

Ragnar Freyr Ingvarsson, sérfræðingur í lyf- og gigtarlækningum og fyrrverandi yfirmadur Covid-göngudeildar Landspítala, talar nú fyrir frekari afléttingum þeirra takmarkana sem við búum við vegna Covid. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem hann talar á þessum nótum. Hafi hann þakkið fyrir. Innlegg hans er mikilvægt en ekki skal dæmt um það hér hvort sóttvarnaryfirlög taki því af áberandi meiri fögnuði en þau hafa tekið gagnrýni hingað til.

Það er mikilvægt að lækna tjái sig um Covid-ástandið, hvort sem þeir vilja ganga fullkomlega í takt við aðgerðir sóttvarnaryfirlöga eða fara aðrar leiðir. Það má allavega ekki verða þannig að lækna veigri sér við að tjá sig af ótta við að vera kallaðir inn á teppi hjá yfirboðurum sínum og fái þar skammir fyrir að hafa „rangar“ skoðanir. Í erlendum fjölmiðlum má einstaka sinnum sjá viðtöl við sérfræðinga sem eru ósammála þeim leiðum sem stjórnvöld í landi þeirra hafa valið að fara. Þeir tala til dæmis gegn útgöngubanni, hafa efasemdir um gagnsemi þess að almenningur noti grímu, eru fylgjandi bólusetningum en segja um leið ónaúðsynlegt að bólusetja ung börn. Þessir sérfræðingar eru ósammála reglum sem sóttvarnaryfirlög hafa mælt með og stjórnvöld fylgt. Það ætti að vera sjálfsgott og eðlilegt að hlusta á rök þessara sérfræðinga í stað þess að láta eins og þeir séu hluti af hvímléidum og of fjölmennum hópi afneitunarinnar sem eru uppfyllir af samsæriskeningum.

Í þessum málum, eins og öðrum, þarf að eiga sér stað málefnaleg umræða, án æsings og upphröpana. ■

„Það má allavega ekki verða þannig að lækna veigri sér við að tjá sig af ótta við að vera kallaðir inn á teppi hjá yfirboðurum sínum og fái þar skammir fyrir að hafa „rangar“ skoðanir.“

■ Halldór



■ Frá degi til dags

gar@frettabladid.is

Timburmenn í Downingstræti
Hinn litríki Boris Johnson situr sem fastast í embætti forsætisráðherra Breta þótt að honum sé sótt fyrir linnulítið partístand í Downingstræti númer 10. Birt var skýrsla um veisluhöldin þar sem strangar reglur um sóttvarnir sem giltu fyrir almúgann í Bretlandi voru vandlega brotnar hver af annarri í sextán samsetum. Ekki síst er óhófleg áfengisneysla í þessum boðum gagnrýnd enda sé ólíklegt að þeir sem eru drukknir sökki sér í smáatriði sóttvarnareglna í réttu hlutfalli við áfengismagnið í blóðinu. Sjálfur segist Boris sjá eftir öllu saman og er þá kannski ekki fyrstur allra til að vakna með hausverk eftir parti.

Nýjar leiðir til áhrifa
Það er skarð fyrir skildi í þingliði Miðflokksins sem nú telur aðeins tvo menn. Formaðurinn Sigmundur Davíð Gunnlaugsson íhugar sjálfsgott leiðir til áhrifa nú þegar hann horfir upp á enn eitt kjörtímabilið utan ríkisstjórnar. Skipulagsmál eru fyrirferðarmikil á áhugasviði Sigmundar sem hugsanlega rennir því hýru auga til Ráðhúss Reykjavíkur þar sem fljótlega á að skipa í borgarstjórn að nýju eftir tímabilið mikill gagnrýni á framgöngu núverandi meirihluta í þeim málaflokki. Þar sýnast vera ýmis sóknarfæri fyrir önnur framboð. ■

Staðið með menningu



Lilja Dögg Alfreðsdóttir
menningar-
málaráðherra og
varaformaður
Framsóknar

Með hækkanði sól og skipulögðum skrefum til afléttingar sóttvarnaráðstafana sjáum við nú loks til lands í faraldrinum sem herjað hefur á heim allan í rúm 2 ár. Listamenn og menningarhús hafa svo sannarlega fundið fyrir högginu sem veiran hefur leitt af sér. Strax í upphafi faraldursins einsettu stjórnarflokkarnir sér að beita ríkisfjármálunum af fullum þunga til þess að tryggja öflugna viðspyrnu samfélagsins og það hafa mörg sveitarfélög einnig gert. Sérstök áhersla var lögð á listir og menningu enda er mikilvægi þeirra óumdeilt fyrir samfélagið.

Uppskeran er handan við hornið

Nýjustu viðspyrnuaðgerðirnar, og væntanlega þær síðustu, undirstrika það. Með þeim var 450 milljónum króna varið til tónlistar og sviðslista sem hafa farið sérlega illa út úr heimsfaraldri með allt að 87% tekjufalli. Með aðgerðunum er okkar frábæru listamönnum skapað aukið rými til frumsköpunar, framleiðslu og viðburðahalds ásamt því að styðja þá til sóknar á erlenda markaði með listsköpun sína. Íslensk list og menning á mikið erindi á erlendri grundu. Það höfum við itrekað séð á undanföllum árum, en íslenskir listamenn hafa margir gert það gott á erlendum mörkuðum. Kynningarverðmæti skapandi greina fyrir land og þjóð er óumdeilt og er mikilvægur þáttur í alþjóðlegri markaðssetningu Íslands sem áfangastaðar fyrir ferðamenn og skapandi fólk. Við viljum halda áfram á þeirri braut.

Það má einnig reikna fastlega með því að framlag lista og menningar til andlegrar og efnahagslegrar viðspyrnu þjóðarinnar verði þýðingarmikið. Mannsandinn nærast meðal annars á menningu, að skemmta sér í góðra vina hópi, sækja tónleika, leiksyningar eða aðra menningarviðburði. Það styttesti öðfluga í að samfélagið lifni við eins og við þekktum það fyrir heimsfaraldur. Uppskeran er handan við hornið og vel undirbyggð viðspyrnan fer að birtast okkur með tilheyrandi ánægju. Við horfum því björtum augum fram á veginn, sannfærð um að íslenskt menningarlíf fari að blómstra sem aldrei fyrr. ■



Ágúst Bjarni Garðarsson
þingmaður
Framsóknar

MANIC PANIC NYC

Hárskolin fást hjá okkur

HÓKUS PÓKUS

www.hokuspokus.is

Verzlun og vefverzlun
Laugavegi 69 S. 551-7955

Um Svarta víkinginn og Einræður Steinólfs



Hallgrímur
Axelsson
verkfræðingur

Ég var búsettur í Noregi þegar út kom bókinn Den svarte vikingen eftir Bergsvein Birgisson. Sagan er í bland byggð á fræðilegum grunni og jafnframt skáldskapur. Bókina las ég í einni samfellu af áhuga og hallast mjög að því að Bergsveini hafi tekist að segja einkar trúverðuga sögu þótt auðvitað geti verið skiptar skoðanir þar um. Bókin var síðan ágætlega þýdd á íslenskt mál undir heitinu Leitinn að svarta víkingnum. Í stuttu máli um söguþráðinn.

Hjör konungur á Ögvaldsnesi í Noregi siglir leiðangur norður með Noregi og til Bjarmalands (Siberíu) og gerir félag við innfædda um rostungsveiðar. Fær innfæddrar konu Ljúfvínu og eignast með henni tvo syni, Geirmund og Hámund, sem voru sagðir bæði svartir og ljótir. Sögusviðið berst einnig til Írlands og Íslands, þar sem Geirmundur verður ríkasti maður landsins. Efni sögunnar tók áratugi að safna, smábrot frá sagnfræði, fornminjafraði, Íslendingasögum og skynsamlegum ályktunum, sannkallað stórvirki. Hvet ég alla sem ekki hafa lesið söguna að gera svo.

Það var nokkuð ritað um að gera ætti sjónvarpsmynd eftir sögunni árið 2017 en ekki veit ég hvort verður af því. Allavega er sagan vel þess virði að kvikmynda hana, en verkefnið stórt með viðlent sögusvið en hvar er hægt að komast í vöður af rostungum til að kvikmynda veiðar og síðan vinnslu hinna verðmætu svarðreipa? Hugsanlega hægt með nútíma tölvutækni.

Á einum stað í sögunni segir frá Snorraskjólum nálægt Skarði á Skarðströnd. Á þessum stað er ... yfirnáttúrulegt seiðmagn eða útgeislun í loftinu sem veldur því að að hver sá karl eða kona sem á leið hjá verður gripin óskýranlegum losta; körlum rís hold en konum slaknar skaut ... eins og ritað er í íslensku þýðingunni. Höfundurinn Bergsveinn reyndi þetta á sjálfum sér og holdrisið kom yfir hann.

Ekki truflaði þessi frásögn mig við lestur sögunnar en norskir fræðimenn tóku upp þetta atriði þegar þeir voru spurðir um sannfræði sögunnar enda ljóst að höfundur gefur þarna færi á sér.

Ekki truflaði það heldur lífskúntnerinn og Íslandsvininn Hákon Karlsen jr. sem býr við Lyngspollinn í Norður-Noregi, því hann sigldi með félag sínum siglingaleið Hjörs frá Ögvaldsnesi norður allan Noreg og finnst sagan af siglingunni trúverðug. Hákon er stofnandi svokallaðra FabLab-verkstæða sem nú eru um allan heim.

Í bókinni Leitinn að svarta víkingnum er vísað í heimild varðandi frásögnina um Snorraskjól, tilvísun númer 477 Steinólfur Lárusson og Finnboði Hermannsson 2003.

Svo bar til í jölabókaflóði síðasta árs að Bergsveinn Birgisson bar upp á Ásgeir Jónsson sem ritaði bókina Eyjan hans Ingólfs ritstuld. Ekki hef ég lesið bók Ásgeirs og fjalla því ekki beint um þann áburð.

Jafnframt kom í fréttum frásögn Finnboða Hermannssonar um samskipti hans og Bergsveins vegna ævisögu Steinólfs Lárussonar þar sem ritað er um ofanefnd Snorraskjól og lýsingu Bergsveins í bókinni Svar við bréfi Helgu þar sem lýst er sama náttúrufyrirbrigði án þess að geta heimildar og Finnboði taldi jafnvel að um ritstuld væri að ræða.

Þetta vakti áhuga minn og varð ég mér úti um bækurnar Einræður Steinólfs sem var gefin út 2003 og endurútgáfu með inngangi, Skarðstrandarrolla og einræður Steinólfs, en þær bækur hafði ég ekki lesið fyrr. Báðar eru bækur þessar uppseldar í bókabúðum en fáanlegar til láns á bókasöfnum. Bækur þessar eru áhugaverðar lestrar og Steinólfur Lárusson (1928-2012) sem ævisagan fjallar um var merkur maður með hæfileika og kímni-

gáfu. Ævisagan sem Finnboði Hermannsson skræði að beiðni Steinólfs kom út árið 2003. Bæði Finnboði og Steinólfur eru skraddir saman sem höfundar enda verkið unnið í samstarfi þeirra.

Nú er það svo að Bergsveinn skrár heimildina í bókina Leitinn að svarta víkingnum en hafði ekki gert það í Svari við bréfi Helgu. Bergsveinn segist hafa haft heimildina beint frá Steinólfi sjálfum með þessu orðalagi löngu áður en

Finnboði heyrði hana. Það breytir því ekki að þetta orðalag fór á prent hjá Finnboða og Steinólfi 2003 meðan Svar við bréfi Helgu er ritað 2010 og fullkomlega eðlilegt að geta heimildar þar jafnt sem í Leitinni að svarta víkingnum síðar.

Við endurútgáfu á Einræðum Steinólfs ritar Finnboði ágætan formála sem hann kys að nefna Skarðstrandarrollu. Ekki sé ég neitt athugasvert við þetta og fyllir formálinn út í söguna sem kom út

mörgum árum fyrr. Yfirlýsingar Bergsveins og flestra Steinólfsbarna sem birst hafa í dagblöðum, finnst mér ekki viðeigandi og snúa þar menn upp á sig en lítillæti fyrirfinnst ekki þótt Finnboði hafi ekki sagst hafa ætlað í síðanefnd eða dómstóla.

Hvers vegna þessi hörðu viðbrögð?

Eru þau ef til vill vegna ásakana Bergsveins á hendur Ásgeiri Jónssyni um ritstuld? ■

MARKAÐURINN



Markaðurinn miðvikudaga kl. 19.00

Vikulegur þáttur um íslenskt viðskiptalíf þar sem farið er yfir helstu viðskiptafréttir vikunnar ásamt öðru því sem hæst ber í efnahagslífinu hverju sinni. Þættinum stýra þau Helgi Vífill Júlíusson, Magdalena Anna Torfadóttir og Elín Hirst.



HRINGBRAUT



†
Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
**Sigurbjartur Hafsteinn
Helgason**
vélvirki,

lést á líknardeild Landakotsspítala
22. janúar. Útför fer fram frá Grensás-
kirkju mánudaginn 7. febrúar klukkan 13.

**Helgi Sigurbjartsson
Jón Ásgeir Sigurbjartsson
Arnar Sigurbjartsson**

**Kristín Bjarnadóttir
Unnur Malín Sigurðardóttir
barnabörn og langafabörn.**



†
Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
Reynir Haraldsson
múrari,

lést föstudaginn 21. janúar.
Útför fer fram frá Seljakirkju
fimmtudag 3. febrúar kl. 13.00.

Einungis nánustu aðstandendur verða viðstaddir en
streymt verður frá athöfninni og hlekkinn má finna undir
seljakirkja.is.

**Hjördis
Linda Björk
Gunnlaugur**

**Brynjar
Erla Björk
Steinunn Margrét**

barnabörn og barnabarnabörn.



†
Elskuleg mamma okkar,
tengdamamma, amma og langamma,
Áslaug Kristjánsdóttir
frá Hrisey,
Dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri,

lést laugardaginn 29. janúar.
Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju
föstudaginn 11. febrúar kl. 13.00.
Jarðsett verður síðar í Hrisey.

Athöfninni verður streymt á Facebooksíðunni
Jarðarfarir í Akureyrarkirkju – beinar útsendingar.

**Valtýr Sigurbjarnarson
Narfi Björgvinsson
Teitur Björgvinsson**

**Ólöf S. Valdimarsdóttir
Hanna Hauksdóttir
Theodóra Kristjánsdóttir**

ömmu- og langömmubörn.



**Útfararþjónusta
í yfir 70 ár**

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

www.utforin.is • AUÐBREKKA 1, KÓPAVOGI



Sólarhringsvakt: 581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og
ræðum skipulag útfarar sé þess óskað



Jóhanna Eiríksdóttir



Sverrir Einarsson



Jón G. Bjarnason

Alúð • Virðing • Traust • Reynsla

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Þetta gerðist 1. febrúar 2003

Geimskutlan Kólumbía ferst

Þann 16. janúar 2003 skaut NASA geimskutlunni Kólumbíu upp í sinn 28. leiðangur. Skutlan var sú elsta í flota geimferðastofnunarinnar og um borð voru sjö geimfarar.

Leiðangurinn stóð í sextán daga en þegar kom að landingu 1. febrúar var ljóst að ekki var allt með felldu. Kólumbía splundraðist á leið til landingar og öll áhöfnin fórst með henni. Skutlan tættist í tugþúsundir bita og tók leitinn að braki hennar margar vikur.

Eftir slysið kom í ljós að NASA hafði ekki staðið nægilega vel að verki og



Kólumbíu var skotið á loft 16. janúar 2003.



Kólumbía splundraðist á leið til landingar og öll áhöfnin fórst með henni.

að mögulega hefði verið hægt að koma í veg fyrir slysið. Geimferðir hjá stofnuninni voru blásnar af í tvö ár í kjölfarið. ■



†
Ástkær móðir okkar, amma,
langamma og langlangamma,
**Guðrún Einarsdóttir
Thorlacius**

Þverbrekku 4, Kópavogi,

lést fimmtudaginn 20. janúar

á hjúkrunarheimilinu Sóltúni.

Útförin fer fram frá Kópavogskirkju 8. febrúar kl. 13.00.

**Þorsteinn Thorlacius
Einar Thorlacius
Þorbjörg Th. Lethaus
Ragnhildur Th. Bondrop**

**Guðný Jónasd. Thorlacius
Helga Thorlacius
Klaus Lethaus
Torben Bondrop
og ömmubörn.**



†
Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir og amma,
**Sigurbjörg Rannveig
Stefánsdóttir**

Digranesvegi 40, 200 Kópavogi,

lést á Landspítalanum 27. janúar.

**Guðrún Margrét Sigurðardóttir
Una Aldís Sigurðardóttir
Stefán Þ. Sigurðsson**

**Vésteinn Þór Vésteinnsson
Stefán Guðmundsson**

barnabörn.



†
Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir og amma,
Anna Ingvarsdóttir
Tjarnarbóli 10,

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk

föstudaginn 21. janúar.

Útför fer fram frá Fossvogskirkju

miðvikudaginn 2. febrúar kl. 13.00.

Athöfninni verður streymt: <https://youtu.be/vl6t4bPUEII>

**Sigríður María Torfadóttir
Tómas Ingi Torfason
Anna Marsibil Clausen,
Jens Pétur Clausen og Torfi Tómasson**

**Arinbjörn Viggó Clausen
Karen Bjarnhéðinsdóttir
Karen Bjarnhéðinsdóttir**



†
Okkar ástkæri
Þorvaldur Tryggvason
fv. aðalbókari Flugleiða,

lést á hjúkrunarheimilinu Grund

fimmtudaginn 27. janúar.

Útförin verður auglýst síðar.

**Jóhanna H. Sveinbjarnardóttir
Hildur Þorvaldsdóttir
Þór Þorvaldsson
Tryggvi Þorvaldsson**

**Gunnar Indriðason
Edda Eðvaldsdóttir
Unnur Gylfadóttir
og fjölskyldur.**



†
Ástkær eigenmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
Finnbofi Ingiberg Jónasson
húsasmiður,
síðast til heimilis að Gullsmára 9,

lést á Hjúkrunarheimilinu Sólvangi

mánudaginn 10. janúar. Útför hefur farið
fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir til
starfsfólks Sólvangs, Lónakoti, fyrir góða umönnun.

**Sesselja Elisabet Þorvaldsdóttir
Þorvaldur Finnbogason
María B. Finnbogadóttir**

**Herdís K. Hupfeldt
Birgir Sigurjónsson
afabörn og langafabörn**



†
Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
Ingimar G. Jónsson
prentari,
Gullsmára 9, Kópavogi,

lést á Landspítalanum 18. janúar.

Útför hans fer fram frá Lindakirkju

fimmtudaginn 3. febrúar klukkan 15.

Streymt verður frá athöfninni á www.lindakirkja.is/utfarir/

**Valgerður Ingimarsdóttir
Jón Ingimarsson
Eyjólfur Ingimarsson
Guðrún H. Ingimarsdóttir**

**Kristín Halla Traustadóttir
Margrét Árný Gunnarsdóttir
Gunnar Hauksson
barnabörn og barnabarnabörn.**



†
Ástkær eigenmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
Otto Tulinius
vélvirkjameistari,
Brekatúni 2, Akureyri,

lést á dvalarheimilinu Hlíð 15. janúar.

Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju

föstudaginn 4. febrúar kl. 13.00.

Þeim sem vilja minnast hans er bent á Hollvínasamtök

SAK. Sérstakar þakkir til starfsfólks á Skógarhlíð

fyrir kærleiksrika umönnun og einstaka hlýju í garð

fjölskyldunnar.

Í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu verður

einungis nánasta fjölskylda viðstödd.

Hægt verður að nálgast streymi á Facebooksíðunni

Jarðarfarir í Akureyrarkirkju – Beinar útsendingar.

**Agnes Tulinius Svavarsdóttir
Svavar Tulinius
Hallakristín Tulinius
Þórey Tulinius
Otto Karl Tulinius
Hlynur Tulinius**

**Þórhalla Halldórsdóttir
Guðjón Ingi Geirmundsson
Guðmundur A. Sigurðsson
Sigrún Finnsdóttir
Rósa Hrefna Gísladóttir
afa- og langafabörn.**



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

ÞRIÐJUDAGUR 1. febrúar 2022



Námskeiðið verður í boði í dag og næsta þriðjudag. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Teikninámskeið á Borgarbókasafni

oddurfreyr@frettabladid.is

Í dag og næsta þriðjudag, þann 8. febrúar, verður boðið upp ókeypis námskeið í teikningu á Borgarbókasafninu í Árbæ. Námskeiðið stendur yfir milli klukkan 16.30 og 18.30 báða dagana.

Á námskeiðinu verður lögð sérstök áhersla á teikningu andlita. Námskeiðið hentar öllum sem eru 16 ára og eldri og hafa áhuga á teikningu, en miðað er við að þátttakendur mæti báða dagana.

Allt í boði á staðnum

Í tilkynningu frá bókasafninu kemur fram að það sé ekki gert ráð fyrir að þátttakendur undirbúi sig á neinn hátt og það er ekki heldur gert ráð fyrir að fólki hafi einhverja kunnáttu áður en það kemur. Það eru einfaldlega allir sem sem hafa áhuga á að spreyta sig í teikningu boðnir velkomnir.

Það verður myndlistarkonan Kristín Arngrímsdóttir sem sér um kennslu á námskeiðinu og allt sem þarf til að teikna verður í boði á staðnum, svo það þarf ekki að hafa með sér neinar græjur. Á námskeiðinu verður farið yfir ýmis grunnatriði í teikningu, en aðaláherslan verður á kennslu í að teikna andlit. ■

POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTS**HEILBRIGÐ
MELTING**www.celsus.is / apótek, Hagkaup og víðar

Allt starf Villikatta er unnið í sjálfböðavinnu og Arndís segir að þau eigi styrkjum frá almenningi mikið að þakka.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Færist í aukana að kettir séu yfirgefnir

Undanfarið hefur þeim heimilisköttum sem hafa villst frá heimili sínu og lent á flakki fjölgað en villiköttum fækkað. Arndís Björg Sigurgeirsdóttir, formaður Villikatta, segir að sjálfböðaliðar félagsins finni öllum týndum kisu gott heimili. **2**



Sandra Guðrún
Guðmundsdóttir
sandragudrun
@frettabladid.is



Arndís segir að vergangsköttum hafa fjölgað en henni finnst óskiljanleg ef fólk flytur og skilur kettina bara eftir.
FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI

Dýraverndunarfélagið Villikettir eru samtök rekin af sjálfbodaliðum sem hafa það að markmiði að hjálpa villiköttum með skipulegum aðgerðum. Villikettir hópa sig oft saman á svæðum þar sem fæðu er að finna en sjálfbodaliðar Villikatta hafa fangað kettina í búr, látið gelda þá og skila þeim svo aftur þangað sem þeir fundust eftir að þeir hafa jafnað sig eftir geldinguna. Einnig gefa þeir kisunum að borða og passa almennt upp á velferð dýranna.

„Þessar aðgerðir okkar hafa skilað sér í því að villiköttum hefur fækkað mikið. Þegar við vorum að byrja komu aðallega villikisur í búrið hjá okkur og einn og einn vergangskisi, eins og við köllum þá. En vergangskisur eru heimiliskisur sem eru týndar eða hafa af einhverjum ástæðum þvælst frá heimili sínu,“ útskýrir Arndís.

Kisi ekki velkominn heim

Arndís segir að undanfarin fjögur ár hafi vergangskisum fjölgað mikið og sífellt fleiri sem komi í búrið hjá Villiköttum.

„Við upplifðum það alltaf þannig áður, þegar við fönuguðum vergangskisu í búr, að þá var alltaf gleði hjá eigendum yfir að fá kisuna aftur heim. Það kom einu sinni frétt í sjónvarpinu um kisuna Frosta sem Villikettir fönuguðu og skiluðu heim til sín eftir að hann hafði verið týndur í tvö ár. Það var mikil gleði þegar hann kom heim aftur,“ segir Arndís.

„Þegar við finnum vergangskisur þá auglýsum við þær alltaf. Oft fáum við ábendingar um kisur sem hafa verið lengi á einhverju svæði og virðast týndar. Við förum þá með búr og náum í kisa. En því miður er það að gerast oftast og oftast að við fáum enga svörun þegar við auglýsum kisurnar. Oft eru þær ekki örmerktar og geldar. En þegar ógeld kisa lendir á vergangi er hætta á að nýjar villikattanýlendur myndist. Í dag við erum búin að gelda alveg óhemju mikið af villikisum og höfum yfirsýn og þekkingu á þeim svæðum sem við höfum verið að vinna á. En það er óþægileg staðreynd að vergangskisum fjölgar og við höfum meira að segja lent í því að þegar eigandinn finnst er kisi ekki lengur velkominn heim til sín.“

En hver skyldi vera ástæðan fyrir því að vergangskisum hefur fjölgað?

„Ég get svo sem bara giskað á það.



Fallegar villikisur sem búa í Hafnarfirði og sjálfbodaliðar Villikatta gefa að borða.
MYND/ADSEND

En í Covid voru margir sem tóku að sé kött. Þeir voru kannski einir heima að vinna eða álika. Ég held að það sé mikið af fólkum sem gerir sér ekki grein fyrir að það er 18-20 ára skuldbinding að taka að sér kettling,“ segir Arndís.

„Svo flytur fólk og skilur kisa eftir, sem mér finnst óskiljanleg hegðun. Núna síðast lentum við í hjónum sem skildu og fóru hvort í sína áttina og kisa var bara skilin eftir. Fólk hefur líka flutt til útlanda og skilið kisu eftir.“

Arndís segir að þegar sjálfbodaliðar Villikatta finna kött á vergangi sé alltaf reynt að finna út úr því hvort einhvern tímann hafi verið auglýst eftir honum. Til dæmis á Kattavaktinni eða í hópum þar sem er lýst eftir týndum kisum.

Aflifa engar kisur

Síðasta kisa sem kom til Villikatta er heimilisköttur sem hafði verið á vergangi í tvö ár. Arndís segir að þegar kettir hafa verið á vergangi svona lengi breytist hegðun þeirra. Þeir hætti að treysta mannfólki og fari að hegða sér líkt og villikettir.

„Þeir koma ekki til þín, það er ekki hægt að klappa þeim og þeir hlaupa í burtu þegar þeir sjá fólk.


Þannig að þegar við náum þeim í hús þá þurfa kisurnar mislangan tíma til að jafna sig. Ég man eftir einum kisa sem við fundum í Borgarnesi. Það tók hann þrjá mánuði eftir að hann var kominn í hús að fatta að við værum allt í lagi. Við gáfum honum að borða daglega og nammi og dekrudum hann og hann endaði á að verða hinn mesti kelikisi,“ segir Arndís og brosir að minningunni.

„Það var ákveðið frá upphafi að við myndum ekki láta aflifa neinar kisur. Ekki nema dýralæknir segi að hún sé veik og ekki hægt að hjálpa henni, en þá er það dýralæknirinn sem ákveður það. En út af þessu erum við með margar kisur. Við hjálpum öllum kisum.“

Rekið af hugsjón í sjálfbodastarfi

Félagið Villikettir er rekið af sjálfbodaliðum og enginn fær greitt fyrir störf sín þar. Það er hægt að gerast meðlimur í félaginu og greiða mánaðarlegan styrk til þeirra.

„Við lifum á styrkjum frá almenningi. Án þeirra værum við ekki til. Það er töluvert um að einstaklingar styrki okkur mánaðarlega um 500 til 1.000 krónur á mánuði. Svo er einn mjög



Max hlakkar til að finna nýja fjölskyldu.

hugsandi ungur drengur sem hefur gefið okkur sem samsvarar andvirði einnar pitsu á mánuði. Hann sagðist alveg eins geta gefið okkur þá upphæð frekar en að panta pitsu. Mér finnst það mjög flott hjá honum,“ segir Arndís.

Villikettir starfa um allt land og starfa í samráði við bæjarfélög víða um landið. Félagið er með svokölluð kiskot þar sem kiskur dvelja á meðan verið er að meta þær, áður en þær fara á heimili eða fósturheimili.

„Áður en kisurnar geta verið með hinum kisunum þarf samt að orma-hreinsa þær og gelda. Ef enginn svarar auglýsingu um kisurnar eru þær settar í geldingu eftir um það bil tvær vikur og þá geta þær verið lausar með hinum kisunum. Þegar við erum svo búin að finna út hvort hún henti á heimili með börnum eða þurfi að vera inni- eða útikisa, þá óskum við eftir fósturheimili þar til varanlegt heimili finnst,“ segir Arndís og leggur áherslu á að þau vandi vel valið á heimili fyrir kisurnar með þeirra hagsmuni í huga.

„Við hugsum fyrst og fremst um velferð dýranna. Það er alltaf eftirspurn eftir kisum, þó hún sé misjöfn eftir árstímum. Ég held að almennt séu Íslendingar miklir dýravinir og kisur eru svo þægilegar og sjálfstæðar. Þær biðja ekki um mikið, bara knús og mat. Sumar vilja að vísu ekki knús og sumar vilja ekki láta halda á sér meðan aðrar vilja alltaf vera í fanginu. Við reynum alltaf að finna rétta heimilið fyrir hverja kisu fyrir sig.“

Arndís bætir því við að lokum að þau hjá Villiköttum vanti alltaf góða sjálfbodaliða. Bæði í útigjafir, til að taka kisur í fóstur eða sinna kisum í kotum. ■

Bílablaðið

1. FEBRÚAR 2022



MYND/TRYGGLI ÞORMÓÐSSON

Lengi getur gott batnað

Nissan Qashqai er nú fyrir nokkru kominn í sinni þriðju kynslóð. Bíllinn er talsvert breyttur frá fyrri kynslóð og kemur nú í tvinnútfærslu með bensínmotor en dísilvélarnar eru horfnar. **2**



Bradbury-mótorhjól frá 1911 finnst á ljósmynd frá því snemma á þriðja áratugnum. **6**



Ford Bronco í öflugri Raptor-útgáfu sannar svo um munar að jeppinn er ekki dauður. **2**



Toyota Proace Verso EV er átta sæta útgáfa sendibílsins sem nú er boðinn með rafmotor. **5**

ÖRUGGT START

MEÐ EXIDE RAFGEYMUM

Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir bifreiða. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.



Ráðgjafar Olís veita allar nánari upplýsingar í síma **515 1100** eða pontun@olis.is.

Vinur við veginn



Sjö akstursstillingar verða í Raptor-útgáfunni og heitir ein þeirra Baja sem nýtir fjöðrunina til hins ýtrasta.

MYNDIR/FORD

Stórýktar sögur af dauðadómi jeppans

Ford hefur frumsýnt á myndum nýja Raptor-útgáfu Ford Bronco en bíllinn fer á sölu í Bandaríkjunum í mars næstkomandi. Ætlunin er að bjóða bíllinn sem torfærubíl sem ætti að henta vel þeim Íslendingum sem þyrstir í þannig eiginleika.

njall@frettabladid.is

Bíllinn er hannaður af performance-deild Ford og er þess vegna hærri á grind og með meiri sporvidd. Þó að nákvæm hestafatala hafi ekki verið gefin upp ennþá hefur Ford samt sagt að þau séu í kringum 400 talsins. Vélin er þriggja lítra línusexa með forþjöppu.

Raptor-útgáfan kemur á hærri fjöðrun að framan og aftan og öxlarnir eru þeir sömu og í Bronco DR rally raid. Þetta þýðir að sporviddin er 218 mm meiri og lágmarks



Í Bronco Raptor-jeppanum er hægt að losa hurðar eða þakbita úr bílnum.

Þótt nákvæm hestafatala hafi ekki verið gefin upp verða þau um 400 talsins.

veghæð er 332 mm sem er aukning um 122 mm. Jeppinn kemur svo á 37 tommu dekkjum á 17 tommu felgum beint frá verksmiðju. Undir bílnum er sérstök vörn fyrir framstuðara, vél, skiptingu og drif. ■

Áfram brunahreyflar í næstu kynslóð E-línu

njall@frettabladid.is

Von er á nýrri kynslóð Mercedes-Benz E-línu á næsta ári en bíllinn kemur á markað seinni hluta 2023. Þrátt fyrir að margir samkeppnisaðilar muni bjóða upp á rafdrifna útgáfu samhliða verður það ekki raunin hjá Mercedes en E-línan mun halda sig við tvínnútgáfu og tengiltvinnútgáfu en láta vera að koma með 100 rafdrifna útgáfu. Þess í stað kemur sérstök EQE-útgáfa sem kemur á markað á næstu vikum.



Þótt rafdrifin EQE-útgáfa sé handan við hornið ætlar Mercedes samt að koma með næstu kynslóð E-línu með brunahreyflum. MYND/SKJÁSKOT

E-línan hefur verið á markaði í þrjú áratugi og þrátt fyrir að jeppingsútgáfu hafi tekið sinn hluta markaðarins er E-línan einn mikilvægasti sölubíllinn hjá Mercedes. Um 16% sölu ársins 2020 voru í þessari gerð sem eru meira en 300.000 eintök á ári. Aukinheldur mun ekki koma Coupé eða blæjuútgáfa af E-línunni en ný gerð, CLE, mun sjá um að taka við þeim kaupendum. Bíllinn mun koma á MRA2-undirvagninum svo að hann mun geta nýtt alla þann tæknibúnað sem Mercedes býður upp á. ■



Þótt A4 komi ekki fyrir en á næsta ári eru strax að birtast myndir af honum.

MYND/SKJÁSKOT

Næsta kynslóð Audi A4 á njósmynd

njall@frettabladid.is

Njósmyndir af bílum eru heil atvinnugrein og til eru þeir sem lúra í snjónum í lengri tíma til að lesendur bílblaða geti spáð í hvernig næstu kynslóðir bíla líti út. Einn þeirra náði þessari mynd af næstu kynslóð Audi A4 við vetrarprófanir í Svíþjóð á dögnum en sá er ekki væntanlegur á markað fyrir en á næsta ári. Þrátt fyrir felubúnað má sjá talsverðar breytingar á framenda með mjórri framljósum og grilli, auk ávalari lína á vélarhlíf. Í raun eru allar línur mýkri í nýja bílnum og meiri halli á afturenda.

Búast má við að þessi bíll verði aðeins fánlegur sjálfskiptur en hann mun halda í dísil- og bensínvélarnar sem fá munu tvínnú-

» Búast má við að nýr A4 verði aðeins boðinn sjálfskiptur með tvínnútfærslum.

færslur. Búast má við að MEB-undirvagninn verði notaður áfram en það mun koma ný, tveggja lítra bensínvél með endurhannaðri forþjöppu. Bensínvélarnar verða með 48V tvínnútfærslu og dýrari útgáfu verða tengiltvinnútgáfu með sömu 14,4 kWst rafhlöðu og í Audi Q5. Ef Audi A4 mun koma í 100% rafmagni verður það á nýjum undirvagni og þá ekki fyrir en 2025. ■



Nýjasti bíll Lamborghini er Countach LPI 800-4 sem er bæði með V12 vél og rafmótor og skilar alls 803 hestöflum.

Lamborghini tilkynnir um rafvæðingu

njall@frettabladid.is

Það finnst kannski sumum fokið í flest skjól þegar merki eins og Lamborghini tilkynnir um rafvæðingu framleiðslu sinnar. Lamborghini hefur sagt að árið 2022 verði síðasta árið þar sem aðeins brunahreyflar verði í boði í nýjum bílum þeirra. Auk þess hefur Lamborghini tilkynnt að allir bílar þeirra í náinni framtíð verði rafdrifnir að einhverju leyti.

Strax á næsta ári munu koma tvínnútgáfu Lamborghini-bíla á markað og Lamborghini hefur einnig staðfest að fyrsti 100% rafbíll merkisins komi á markað

innan nokkurra ára og að hann verði fjögurra dyra. Fyrsti Lamborghini-bíllinn sem inniheldur rafmótor verður því tvínnútgáfa Aventador á næsta ári. Búast má við nýrri kynslóð Urus-jeppans árið 2024 og verður hann bæði sem tvínnútbíll og tengiltvinnbíll. Um miðjan áratuginn munum við svo sjá Huracán-tvinnbíll en rafbíllinn er líklegur á markað 2028 eða þar um bil. Eflaust hefðu einhverjir viljað sjá Lamborghini bregast fljótar við rafvæðingunni en þegar hafa rafdrifnir ofurbílar eins og Rimac Nevara og Tesla Roadster sannað sig svo um munar. ■

Næsta kynslóð BMW M5 verður í allt að 750 hestafla tvínnútfærslu

njall@frettabladid.is

Næsta kynslóð BMW M5 verður frumsýnd seint á næsta ári og eins og sjá má á nýjum njósmyndum af bílnum er þróun nýja bílsins hafin. Herma heimildir að nýi bíllinn mun fá tvínnútfærsluna úr XM-ofurjeppingnum sem skilar 737 hestöflum. Á myndinni má sjá að grillið verður meira í eðlilegri stærð eins og núverandi bíll í stað þaninna nasavængja M3- og M4-bilanna. Framendinn verður talsvert breyttur með nýjum laserljósum, skarpari vélarhlíf og framvæng svipuðum og sjá má á 2-línunni. Breiðar hjólaskálar benda til meiri sporviddar og á hlið bílsins má sjá merkingu þar sem á stendur að um prófun tvínnökutækis sé að ræða. Auk þess má sjá votta fyrir hleðsluopi



Næsta kynslóð M5 fær vélbúnaðinn úr XM og verður fjórhjóladrifinn.

MYND/SKJÁSKOT

fyrir aftan framhjól sem segir að næsti M5 verður tengiltvinnbíll. Vélin í XM bílnum er 4,4 lítra V8 vél með tveimur forþjöppum og er hún þöruð við tvínnútfærsluna úr X5 45e. Það gerir 737 hestöfl og nær togid 1.000 newtonmetrum og verður nýr M5 áfram fjórhjóladrifinn. ■

MICKEY THOMPSON

M/T

JEPPADEKK



DEEGAN 38
A/T

BAJA
MTZp3

BAJA
ATZp3

DEEGAN 38

BAJA
CLAW

BAJA
CLAW TTC

IceTrack ehf 773-4334 mtdekk@mtdekk.is www.mtdekk.is





Fagnaðu rafmögnuðu ári

ID.4 GTX

Fjór hjóladrifinn fjölskyldubíll 

Þú getur sérsniðið ID.4 GTX að þínum óskum og pantað draumabílinn á www.hekla.is/gtx



Fjór hjóladrifinn ID.4 GTX

Nýr ID.4 GTX er fullvaxinn, fjór hjóladrifinn rafmagnsbíll sem fær 5 stjörnur í árekstrarprófunum NCAP. Hann býr yfir 77 kWst rafhlöðu og drægni allt að 480 km. (WLTP). Hann er sneisafullur af áhugaverðum staðalbúnaði eins og þráðlausri farsímahleðslu, 20" álfelgum, varmadælu, árekstrarvöktun, akreinavara, lyklalausri ræsingu og fleiru. Tryggðu þér þitt eintak.

Komdu í reynsluakstur!

Verð frá **7.150.000** kr.

Fylgdu okkur! @volkswagen  



8 ÁRA ÁBYRGÐ
Á RAFHLÖÐUM

www.volkswagen.is



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · Bílajakjarninn Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum



Njáll
Gunnlaugsson
njall
@frettabladid.is

Reynsluakstur

Nissan Qashqai

KOSTIR

- Vel búinn
- Aðgengi

GALLAR

- Upptak
- Aðeins ein vél

Grunnverð: 4.690.000 kr.
Hestöfl: 158
Tog: 270 Nm
Hröðun 0-100 km: 9,9 sek.

Hámarkshraði: 190 km
CO2: 156 g/km
Eyðsla á 100 km: 6,2 lítrar
L/B/H: 4.425/2.084/1.625 mm

Hjólhafi: 2.665 mm
Farangursrými: 479 lítrar
Eigin þyngd: 1.502 kg
Dráttargeta: 1.800 kg

Lengi getur gott batnað

Þriðja kynslóð Nissan Qashqai er nú komin á markað en fyrsta kynslóðin kom á markað árið 2007 og hratt þá af stað bylgju jepplinga með fólksbílalagi. Sex árum seinna kom önnur kynslóð bílsins og undirritaður hefur átt tvo slíka. Góð reynsla hefur verið af þeim bílum og því athyglisvert að sjá hvað Nissan hefur gert með nýja módelinu.

Nýr Qashqai er mikil breyting frá fyrri kynslóð þótt það sjáist ekki endilega útlitslega, en Nissan hefur eflaust viljað halda í formúlu sem virkar. Við sjáum reyndar breyttan framenda með díóðuljósum og stærra grilli og meira hjólhafi. Dísilvélnar eru búnar að kveðja og komin er 1,3 lítra bensínvél með forþjöppu sem skilar 158 hestöflum. Auk þess er bíllinn nú kominn með mildri tvinntækni sem hjálpar bílnum í upptakinu og minnkar eyðslu. Bíllinn er enn fánlegur með sex gíra beinskíptingu en þannig fæst hann aðeins með sérpöntun. Flestir munu eflaust kjósa sjö þrepa CVT-sjálfskíptinguna en þannig var reynsluakstursbíllinn útbúinn. Um vel búna Tekna-útfærslu var að ræða með fjórhjóladrifi.

Að innan er bíllinn mikið breyttur og munar þar mest um nýtt upplýsingakerfi. Fyrir framan ökumann er nú 12 tommu mælaborðsskjár og í miðjustokki nýr, 9 tommu upplýsingaskjár. Í stað þess að sitja í miðjustokknum miðjum



Nissan Qashqai hefur tagnað aðeins og er með meira hjólhafi og stærra hliðarhurðum en áður.

MYNDIR/TRYGGLI ÞORMÓÐSSON

er hann nú herra uppi og því auðlæsilegri. Miðstöðvarstokkar eru nú fyrir neðan skjáinn, sem er mun skýrari og fljótvirkari en áður. Kannski er samt mesta breytingin á innanrými fyrir aftan framsæti en meira fótarármi er í nýja bílnum, þökk sé aðeins meira hjólhafi. Auk þess eru hliðarhurðir með óvenju-góðri opnun og opnast heilar 90 gráður sem gerir aðgengi í bilinn með besta móti. Farangursrými hefur einnig stækkað þótt það nái ekki að verða það besta í flokknum, þá er það með hólfaskíptingu og þægilegra í notkun.

Maður situr aðeins herra í nýjum Qashqai og það er líka betra


Hann er nú kominn með mildri tvinntækni sem hjálpar upptaki og minnkar eyðslu

útsýni þar sem mælaborð skyggir síður á og gluggar eru stærra. Það er frekar þægilegt að keyra bilinn og hann er hljóðlátur, nema þegar hann er kominn á þjóðveg en þá heyrir aðeins frá sjálfskíptingu og stórum 19 tommu dekkjunum. Bíllinn liggur vel og hann gefur ágætis tilfinningu í stýri sem er frekar létt. Hægt er að velja um

nokkrar akstursstillingar og þá þyngir hann meðal annars stýrið.

Vélin er kannski ekki sú kraftmesta í flokknum og upptakið gæti verið betra en á móti kemur að eyðslan er vel viðunandi. Það er aðeins ein vél í boði sem er kannski helsti ókostur bílsins, því að keppinautarnir er margir hverjir búnir fleiri driflinum, og þá einnig kraftmeiri tengiltvinnútfærslum. Von er á nýrri útgáfu á þessu ári sem er með 1,5 lítra bensínvél og 195 hestafla rafmótor. Bensínvélin sér þó ekki um að drífa bilinn áfram heldur sér hún um að halda hleðslu á rafhlöðunni fyrir rafmótorinn.

Grunnverð Tekna-útfærslu með 19 tommu álfelgum og glerþaki sem staðalbúnað er 5.990.000 kr. framhjóladrifinn og með fjórhjóladrifi kostar hann frá 6.790.000 kr. sjálfskíptur. Helstu keppinautar Qashqai hérlendis eru án efa Toyota RAV4 og Kia Sportage en einnig bílar eins og Skoda Karoq. Kostar sjálfskípt útgáfa fjórhjóladrifins RAV4 frá 6.990.000 kr. og sambærilegur Kia Sportage 6.990.777 kr. og þá með dísilvél. Fjórhjóladrifinn Skoda Karoq kostar frá 6.490.000 kr. svo að verð Nissan Qashqai með fjórhjóladrifi liggur þarna mitt á milli. ■



Hliðarhurðir opnast óvenjuvel og ná langt niður sem bætir aðgengi til muna.



Mælaborðið er alveg nýtt með stærra upplýsingaskjáum og nýju aðgerðastýri.



Hægt er að skipta upp gólfínu í farangursrýminu sem er nú 479 lítrar.



Hægt er að velja um nokkrar akstursstillingar í Tekna-útfærslunni.



Aðeins ein vél er í boði sem er 1,3 lítra bensínvél með tvinntvinnútfærslu og skilar hún 158 hestöflum.

Fasteignablaðið

5. TBL. 1. FEBRÚAR 2022

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS

VIÐ LEIÐUM ÞIG HEIM



Landmark fasteignamiðlun | Hlíðasmára 2 | 201 Kópavogur | Sími: 512 4900 | www.landmark.is

LANDMARK
FASTEIGNAMIÐLUN

Reykjavík
Snæfellsbæ
Höfn Hornafirði

VALHÖLL
FASTEIGNASALA
STOFNÚD 1995

588 4477
Síðumúla 27
www.valholl.is



Ingólfur Geir Gissurason
Fránkvæmdastjóri, lögg.
fasteignasali, leigumálarí
896 5222
ingolfur@valholl.is

Heiðar Friðjónsson
Sölustjóri, löggiltur
fasteignasali B.Sc.
693 3356
heidar@valholl.is

Hildur Harðardóttir
Lögfræðingur, löggiltur
fasteignasali, skjalagerð.
897 1339
hildur@valholl.is

Snorri Snorrason
Löggiltur fasteignasali
895 2115
snorri@valholl.is

Hólmfríður Björgvinsdóttir
Ritari
ritari@valholl.is
588 4477
holmfridur@valholl.is



Hrafnhildur B. Baldursdóttir
Löggiltur fasteignasali.
BA í Stjórnálfraedi.
862 1110
hrafnhildur@valholl.is

Pétur Steinar Jóhannsson
Aðstoðarm., fasteignasala
Snæfellsnesi
893 4718
petur@valholl.is

Anna F. Gunnarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
Lista og innviðs stílisti
892 8778
anna@valholl.is

Sturla Pétursson
Löggiltur fasteignasali
899 9083
sturla@valholl.is

Elin Viðarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
695 8905
elin@valholl.is



Fagleg þjónusta
Vönduð vinnubrögð

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!



Háholt 14, Mosfellsbær
• Sími: 588 5530 • berg@berg.is
• www.berg.is • GSM 897 0047



Pétur Pétursson
lögg. fasteignasali
petur@berg.is
s. 897-0047

David Ólafsson
lögg. fasteignasali
david@berg.is
s. 766-6633

Brynjólfur Jónsson
lögg. fasteignasali
brynjolfur@berg.is
s. 898-9791

Traust þjónusta - mikil sala

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Íbúðin er í litlu
fjölbýlishúsi
neðst í Fossvogi.

Íbúð á góðum stað í Fossvogi

Heimili fasteignasala kynnir í einkasölu: Glæsileg mikið endurnýjuð endaíbúð í litlu fjölbýli ásamt bílskúr við Kjarrveg 15 í Reykjavík.

Stór suðursólpallur með heitum potti. Frábær staðsetning innst í botnlanga í Fossvoginum.

Komið er inn í anddyri með parketi og fataskáp. Stór og björt stofa og borðstofa með parketi, gengið út á stóran sólpall í suður. Rúmgott eldhús með parketi, endurnýjuð hvít innrétting og góð borðaðstaða, parket á gólfi. Inn af eldhúsi er parketlagt herbergi með stórum glugga, getur verið nýtt sem búr/geymsla eða vinnuherbergi. Svefnherbergisgangur með parketi. Stórt barnaherbergi með parketi og fataskápum. Barnaherbergi með parketi. Hjónaherbergi með parketi á gólfi og fataskápum, útgengt út á sólpallinn úr herberginu. Glæsilegt nýlega endurnýjað baðherbergi, flisar í hólfi og gólf, falleg hvít innrétting, sturta sem gengið er inn í og gluggi. Eigninni fylgir bílskúr með góðu aðgengi frá bílastæðinu (endi næst húsinu), þar er hiti, rafmagn og vatn. Í bílskúrnum er nýleg innrétting og ágætt geymsluloft.

Sameign hússins er mjög snyrti-



Stofan er björt og rúmgóð. Útgengt er á stóran pall.

leg og húsið litur vel út. Í sameign hússins, sem er á sömu hæð, er sameiginleg vagna- og hjólagæmsla, stórt þvottahús þar sem hver hefur sína þvottavél ásamt sérgeymslu íbúðarinnar.

Þetta er einstök eign á frábærum stað við Fossvogsdalinn. Mjög stór aflokaður skjólgóður sólpallur með heitum potti, falleg lóð í góðri rækt. Húsið stendur innst í botnlanga, skemmtilegt leiksvæði er milli húsanna. Stutt í fallegar gönguleiðir, leikskóla, grunn- og framhaldsskóla.

Eignin hefur fengið gott viðhald og er öll hin snyrtilegasta. Nýlega var settur nýr þakkantur og þak yfirfarið sem og skipt um gler í sameign ásamt því að stétt fyrir framan húsið var hellulögð. Bað-

» Eignin verður sýnd í opnu húsi fimmtudaginn 3. febrúar frá kl. 16-17. Allir sem ætla að mæta þurfa að skrá sig fyrir fram.

herbergi eignar var endurnýjað 2019, sett nýtt parket árið 2020. Allar frekari upplýsingar veitir Finnþógi Hilmarsson fasteignasali, finnþogi@heimili.is. ■

Eignin verður sýnd í opnu húsi fimmtudaginn 3. febrúar frá kl. 16-17. Allir sem ætla að mæta í opið hús þurfa að skrá sig fyrir fram.



heimili
fasteignasala
á traustum grunni

Finnþógi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.



Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is





Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th.
Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Elín D. Guðmunds-
dóttir
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Sigríður
Kjartansdóttir
Lögg. fasteignasali
sigridur@fastmark.is



Gísli Rafn
Guðfínnsson
Aðstoðarmaður
fasteignasala
gisli@fastmark.is



Hallveig
Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@
fastmark.is

Starfandi í 40 ár – 1982-2022

Engimýri – Garðabæ



- Vel skipulagt um 288,0 fermetra einbýlishús á þremur hæðum á eftirsóttum stað í Garðabænum.
- Stór og skjólsæl viðarverönd til suðurs með skjólveggjum og geymsluskúr á lóðinni. Stór hellulögð bílastæði á framlóð með hitalögnum undir.
- Húsið hefur verið mikið endurnýjað á sl. 10-15 árum, m.a. flestar innréttingar, gólfefni, innihurðir, gestasnyrting, baðherbergi, eldhúsinnrétting o.fl.
- Þetta er sannkallað fjölskylduhús með 6 svefnherbergjum á grónum og fallegum stað í Garðabæ.

Seljendur eignarinnar eru tilbúnir til að athuga með skipti á 4ra til 5 herbergja íbúð í fjölbýlishúsi með lyftu, útsýni, helst tveimur baðhergjum og bílskúr.

Verð 152,5 millj.

Hverafold 144.



SÝND SKV. TÍMAPÖNTUNUM Í DAG

- Fallegt og vandað 255,1 fermetra einbýlishús á tveimur hæðum á grónum útsýnisstað við Hverafold í Reykjavík.
- Efri hæð hússins skiptist m.a. í samliggjandi glæsilegar og bjartar stofur á efri hæð auk 5 svefnherbergja, baðherbergis og eldhús.
- Á neðri hæð eru m.a. forstofa, baðherbergi, hol, þvottaherbergi og 30 fermetra gluggalaus sjónvarpsstofa sem ekki er getið í Fasteignaskrá Íslands.
- Húsið er því í raun um 285,0 fermetrar að stærð þó að það sé í opinberri skráningu sagt vera 255 fermetrar.
- Eignin stendur á 749,0 fermetra ræktaðri lóð með veröndum með skjólveggjum og heitum potti.

Eignin verður sýnd skv. tímapöntunum eftir hádegi í dag 1. febrúar.

Sendið fyrirspurnir og tímapantanir á skoðun eignarinnar á netfangið gtj@fastmark.is

Verð 145,0 millj.

Hverfisgata 39- 3ja herbergja íbúð.



- Björt og rúmgóð 96,7 fermetra íbúð á 2. hæð í litlu fjölbýli við Hverfisgötu í miðbæ Reykjavíkur.
- Íbúðin samanstendur af eldhúsi, baðherbergi, tveimur stofum þar sem önnur stofan gæti verið herbergi og svefnherbergi. Í kjallara hússins er sameiginlegt þvottahús ásamt góðri sér geymslu og hjólageymslu.
- Íbúðin er nýmálúð og getur verið laus til afhendingar við kaupsamning.
- Sameiginlegar svalir eru útaf hverri hæð hússins og einnig eru sameiginlegar þaksvallar með virkilega fallegu útsýni út á sjóinn og yfir borgina.

Verð 59,0 millj.

Brekkubyggð 63- Garðabæ



**OPÍÐ HÚS
MIÐVIKUDAG**

Eignin verður til sýnis á morgun, miðvikudag frá kl. 17.00 – 17.30

- Mjög mikið endurnýjað 90,8 fermetra raðhús á tveimur hæðum á eftirsóttum útsýnisstað við Brekkubyggð í Garðabæ.
- Húsið er mjög mikið endurnýjað hið innra á sl árum, m.a. eldhúsinnréttingar og tæki, harðparket á eldhúsi, stofu, holi og svefnherbergjum og flisar á gólf í forstofu. Baðherbergi er allt nýtt og þvottaherbergi auk þess sem stigi á milli hæða var endurbættur.
- Skjólsæl sér verönd til suðurs er fyrir framan inngang í íbúðina, aflokuð með tveimur hliðum.
- Lóðin er með góðri aðkomu og nægum bílastæðum á malbikuðu plani fyrir sunnan húsið. Steypar stéttar og sér verönd til suðurs fyrir framan inngang í húsið.

Verð 64,9 millj.

**Parft þú að stækka eða minnka við þig
en finnur ekki réttu eignina ?**

Höfum fjölda aðila á skrá sem vilja selja í skiptum fyrir stærri eða minni eignir.

**Hafðu samband og skráðu þig hjá okkur.
Við finnum réttu eignina fyrir þig.**

RÁÐGJÖF
RÁÐNINGAR
RANNSÓKNIR



intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is

MIKLABORG



Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltir fasteignasalar



Jón Rafn Valdimars
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520



Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856



Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307



Elin Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 899 3090



Hreiðar Guðmunds
lögg. fasteignasali
Sími: 661 6021



Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000



Ómar Hvarndal
hdl. & aðst. fasteignasali
Sími: 832 3200



Barbara R. Bergþórs
lögg. fasteignasali
Sími: 823 0339



Jason Kr. Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515



Íris Anna Geirsdóttir
aðst. fasteignasala
Sími: 770 0500



Þröstur Þórhalsson
lögg. fasteignasali
Sími: 897 0634



Jónunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958



Þóróddur S. Skapta
lögg. fasteignasali
Sími: 868 4508



Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300



Atli S. Sigvarðsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1078



Óskar H. Bjarnason
lögg. fasteignasali
Sími: 691 1931



Kjartan Í. Guðmunds
lögg. fasteignasali
Sími: 663 4392



Þórhallur Biering
lögg. fasteignasali
Sími: 896 8232



Árni Davíð Bergs
aðst. fasteignasala
Sími: 625 2500



Friðrik Þ. Stefáns
hdl. & aðst. fasteignasali
Sími: 616 1313



Friðjón Ó. Magnúss.
lögg. fasteignasali
Sími: 692 2704



Óskar S. Axelsson
aðst. fasteignasala
Sími: 691 2312



Ingi Þór Ingólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 698 4450



Páll Þórólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 893 9929

Ragnheiður Péturs
hdl. og löggiltur
fasteignasali

AUSTURHÖFN

PANTIÐ SKOÐUN
hjá sölumönnum

Reykjastræti 7
101 Reykjavík - íb. 213

Sérlega glæsileg 129,5 fm
2ja herb. ásamt sérmerktu
stæði í bílageymslu

- Stór samliggjandi stofa og eldhús með útgengi bæði á vestur og austur svalir
- Veglegt svefnherbergi og rúm-gott baðherbergi með baðkeri, sturtu og þvottaðstöðu
- Vandaðar ítalskar innréttingar

Verð: **128 millj.**

AUSTURHÖFN

PANTIÐ SKOÐUN
hjá sölumönnum

Reykjastræti 7
101 Reykjavík - íb. 413

Glæsileg björt 104 fm
hornibúð á 4. hæð ásamt
sérmerktu stæði í bílag.

- Stórir gluggar á tvo vegu og heillandi útsýni að Hörpu
- Ópið eldhús og stór stofa með útgengi á austursvalir
- Rúm-gott svefnherbergi með fataherbergi inn af
- Stórt baðherbergi með baðkeri, sturtu og þvottaðstöðu
- Vandaðar ítalskar innréttingar

Verð: **123 millj.**

Fasteignasalan

Miklaborg

Lágmúla 4

108 Reykjavík

sími

5697000

www.miklaborg.is

Með þér
alla leið

PANTIÐ SKOÐUN
í síma **775 1515** eða **625 2500**

Hlíðarvegur 46
200 Kópavogur

Einbýlishús 186 fm með
aukaíbúð í suðurhlíðum
Kóp.

- Miðhæð: Anddyri, geymsla, baðherbergi og þvottahús, eldhús hol, borðstofa og stofa.
- Efri hæð: 4 svefnherbergi, svalir úr aðalsvefnherbergi, baðherbergi.
- Aukaíbúð í kjallara sem er skráð 35,5 fm

Verð: **120 millj.**

PANTIÐ SKOÐUN
hjá Jasoni í síma **775 1515**

Haukanes 13
210 Garðabær

Glæsilegt 517 fm
einbýlishús á tveimur
hæðum

- 1222 fm eignarlóð með útsýni á Arnarnesinu í Garðabæ
- Sex svefnherbergi
- Fjórar stofur
- Fjögur baðherbergi

Verð: **295 millj.**



Nánari upplýsingar veitir:
Jason Kr. Ólafsson
lögg. fasteignasali
sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

NÝTT Í SÖLU



Hjallabraut 33 220 Hafnarfjörður

Rúmgóð og vel staðsett
69,3 fm, 2ja herbergja
íbúð á 2. hæð

- Rúmgott svefnherbergi
- Góðar svalir
- Sér geymsla
- Íbúðin hefur verið mikið endurnýjuð

PANTÍÐ SKOÐUN
í síma 775 1515 eða 770 0500




Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Íris Arna Geirsdóttir
aðst. fasteignasala
Sími: 770 0500
iris@miklaborg.is



Verð: 52 millj.

NÝTT Í SÖLU



Víðimelur 46 107 Reykjavík

Glæsileg tveggja
herbergja 49,2 fm íbúð

- Skiptist í anddyri, stofu, svefnherbergi, baðherbergi, fallegt eldhús, geymslu og sameiginlegt þvottahús
- Snyrtileg og vel skipulögð eign á góðum stað í Vesturbænum
- Endurnýjað þak, skólp, gluggar og gler
- Mjög góð fyrsta eign

PANTÍÐ SKOÐUN
í síma 775 1515 eða 770 0500



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Íris Arna Geirsdóttir
aðst. fasteignasala
Sími: 770 0500
iris@miklaborg.is



Verð: 42,9 millj.



PANTÍÐ SKOÐUN
í síma 775 1515 eða 770 0500

Birkiteigur 8 230 Keflavík

160 fm einbýlishús á tveimur
hæðum ásamt íbúð í bílskúr

- Fimm svefnherbergi
- Þrjú baðherberbi
- Tvö eldhús
- Tvær stofur
- Þvottahús
- Garður



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Íris Arna Geirsdóttir
aðst. fasteignasala
Sími: 770 0500
iris@miklaborg.is

Verð: 75 millj.



Flugumýri 24-26 270 Mosfellsbær

Mjög gott atvinnuþláss
65,3 fm, lðnaðarskúr
eða dótakassi

- Mikil lofthæð, hægt að setja milliloft ef vill
- Kaffiaðstaða
- Snyrting
- Tveir gámar á lóð fylgja

PANTÍÐ SKOÐUN
hjá Jörunni í síma 845 8958



Jörunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Verð: 33,5 millj.



PANTÍÐ SKOÐUN
í síma 775 1515 eða 770 0500

Grandavegur 42 e 107 Reykjavík - íb. 305

Vönduð 146,5 fm
4ra herb. íbúð á
3. hæð með 23 fm
yfirbyggðum svölum.

- 3 svefnherbergi
- 2 baðherbergi
- Eldhús og stofa eru í opnu rými
- Íbúðin er laus strax við kaupsamning.
- Sérgeymsa í kjallara
- Staði í bílgeymslu



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Íris Arna Geirsdóttir
aðst. fasteignasala
Sími: 770 0500
iris@miklaborg.is

Verð: 98,9 millj.

SÖLUVÉFUR
www.vitaborg.is



Aðeins
2 íbúðir
eftir

PANTÍÐ SKOÐUN
hjá sölumönnum

Hverfisgata 92 101 Reykjavík

Glæsilegar 2 - 4 herbergja
107,7 - 146,4 fm íbúðir

- Góð sameign og margar íbúðir sérstæðar og liggja ekki að öðrum íbúðum
- Snjallíbúðir og Gólfhiti í öllum íbúðum
- Fallegur Inngarður
- Vandaðar innréttingar og tækni
- Flestir gluggar gólfíðir
- Staði í bílageymslu fylgir flestum íbúðum.
- Íbúðirnar skilast fullbúanar m. gólfefnum



Hafið samband og ráðfærið ykkur við sölumenn okkar!



Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is

Barbara R. Bergþórs
lögg. fasteignasali
Sími: 823 0339
barbara@miklaborg.is

Elin Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 899 3090
elin@miklaborg.is

Hreiðar L. Guðmunds
lögg. fasteignasali
Sími: 661 6021
hreiðar@miklaborg.is

Hús	Eign	Herb	Stærð	Verð
B	0503	4	146,4 m ²	169 m. kr
C	0206	3	107,7 m ²	84,9 m. kr



Góðar
leigu
tekjur

PANTÍÐ SKOÐUN
hjá Jörunni í síma 845 8958

Skúlagata 10 101 Reykjavík

Glæsilegt 149 fm hús-
næði, búð að skipta
í tvær íbúðir eða
skrifstofur

- Sérinnngangur, gólfíðir gluggar
- Nýbúð að endurnýja alveg, eldhús, baðherbergi, stofur, gólfefni, loftræstikerfi sem og raflagnir
- Húsnæði á einu fastanúmeri
- Einstök staðsetning við miðborg Reykjavíkur
- Laust strax.



Jörunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Verð: 93,9 millj.



NÝTT Í SÖLU

PANTÍÐ SKOÐUN
hjá Ómari í síma 832 3200

Klukkanimi 39 112 Reykjavík

101,5 fm 4ra herbergja
endaíbúð með sér-
innngangi

- Þrjú svefnherbergi
- Ópið stofu og borðstofurými með útgengt út á svalir til suðvesturs
- 5 fm geymsla á jarðhæð
- Sérmerkt bílastæði á lóð



Ómar Hvanndal
hdl. og aðst. fasteignasali
Sími: 832 3200
omar@miklaborg.is
Óskar H. Bjarnasen
lögg. fasteignasali

Verð: 54,9 millj.

NÝTT Í SÖLU



Langhólmi Múlakot

861 Fljótshlíð

Þrjár sumarhúsalóðir í landi Múlakots Fljótshlíð rúmlega 1,5 hektari hver lóð að stærð

- Um er að ræða leigulóðir og sölu á þeim réttindum.
- Lóðirnar liggja sunnan Fljótshlíðarvegs, ekið er niður Dímonarveg til að komast að svæðinu.
- Lóðirnar eru númer 18, 20 og 21 samanlagt 4,5 hektarar.

Verð: **Tilboð**

PANTIÐ SKOÐUN hjá Jóni Rafni í síma 695 5520



Jón Rafn Valdimars
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

NÝTT Í SÖLU



Fiskislóð 45

101 Reykjavík

107 fm atvinnuhúsnæði, á efri hæð.

- Gengið inn sameiginlegan inngang.
- Salerni og kaffistofa.
- Gengið upp tröppur, rýmið er með efri hæð/lofti.

Verð: **47,9 millj.**

PANTIÐ SKOÐUN í síma 775 1515 eða 770 0500



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is



Íris Arna Geirsdóttir
aðst. fasteignasala
Sími: 770 0500
iris@miklaborg.is

NÝTT Í SÖLU



Tröllahraun 11

805 Grímsnes

Afar vel staðsett rúmlega 1 hektara eignarland í landi Miðengis Grímsnesi

- Stutt á golfvelli Kíðjabergrs og Öndverðarness
- Heitt og kalt vatn ásamt rafmagni v lóðarmörk
- Leyfilegt að byggja 150 fm hús og gestahús til viðbótar

Verð: **6 millj.**

PANTIÐ SKOÐUN hjá Jóni Rafni í síma 695 5520



Jón Rafn Valdimars
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

NÝTT Í SÖLU



Vesturbakki 3 og 5

815 Þorlákshöfn

65 fm geymsluhúsnæði á besta stað við höfnina

- Með innkeyslu og gönguhurð
- Malbikað plan umhverfis húsin
- Skiptist í 12, 65 fm einingar
- Afhendist í ágúst 2022

Verð: **19,7 millj.**

PANTIÐ SKOÐUN hjá Óskari í síma 691 2312



Óskar S. Axelsson
aðst. fasteignasala
S: 691 2312
osa@miklaborg.is
Jón Rafn Valdimars
lögg. fasteignasali

Glæsilegar nýjar íbúðir í Norðlingaholti

Nýr áfangi kominn í sölu



HAFIÐ SAMBAND og ráðfærið ykkur við sölumenn okkar!

Elliðabraut 4-10

110 Reykjavík

Nýr áfangi af glæsilegar nýjum íbúðum kominn í sölu í Norðlingaholti

- Mikið úrval af **2-5 herbergja** íbúðum
- Stærðir frá **81,9 – 136,5 fm**
- **Aukin lofthæð** í mörgum íbúðum
- **Bílastæði** fylgir öllum íbúðum
- Rétt við **Elliðavatn** og **Heiðmörk**
- Afhending **strax**

Verð frá: **62,9 millj.**



Óskar H. Bjarnasen
lögg. fasteignasali
sími: 691 1931
ohb@miklaborg.is



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is



Ómar Hvanndal
hdl. og aðst. fasteignasali
Sími: 832 3200
omar@miklaborg.is



Glæsilegt fjölbýlishús á þessum eftirsóttu stað í Norðlingaholti. Húsið er teiknað af +Arkitektum og byggt af Þingvangi. Vandaðar sérsmíðaðar innréttingar og fataskápar sem ná upp í loft. Öllum íbúðum fylgir sérgeymsla og sérmerkt stæði í lokaðri bílageymslu. Sumum íbúðum fylgir einnig bílskúr.

- Íbúð **217**
- Stærð 155 fm
- 5 herbergja
- 2 baðherbergi
- 95 fm sérafnotaflötur
- Tvennar svalir
- Stæði í bílageymslu

Verð **103.990.000**



- Íbúð **316**
- Stærð 109,2 fm
- 3ja herbergja
- 2 baðherbergi
- Tvennar svalir
- Stæði í bílageymslu

Verð **82.990.000**



Vegna mikillar sölu **vantar allar gerðir fasteigna til sölu, hafið samband við sölumenn okkar** bókið skoðun og **fáið frítt verðmat.**

569 7000 | Lág múla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

BÚSETURÉTTIR TIL SÖLU

Reykjavík: Fossvogur, Grafarholt, Grafarvogur, Miðbær og Mjódd.



ÁRSKÓGAR 7 · 109 RVK



42,9
ferm.

1
herb.

317
íbúð nr.

STÚDÍÓÍBÚÐ Í NÝJU HÚSI

Búseturéttur: 5.540.554 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 128.708 kr.
Mögulegt lán: 2.770.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Sem fyrst.

LAUGAVEGUR 146 · 105 RVK



62,5
ferm.

2ja
herb.

401
íbúð nr.

ENDURNÝJUD, STÆDI Í BÍLAKJALLARA

Búseturéttur: 6.484.995 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 178.679 kr.
Mögulegt lán: 1.500.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Lok apríl.

FROSTAFOLD 20 · 112 RVK



78,1
ferm.

3ja
herb.

805
íbúð nr.

ENDURNÝJUD ÚTSÝNISÍBÚÐ

Búseturéttur: 5.466.825 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 184.199 kr.
Mögulegt lán: 1.400.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Í mars.

SKÓGARVEGUR 16 · 103 RVK



84,3
ferm.

3ja
herb.

102
íbúð nr.

ÍBÚÐ Á JARÐHÆÐ MED VERÖND

Búseturéttur: 10.156.102 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 225.378 kr.
Mögulegt lán: 5.078.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Byrjun mars.

KRISTNIBRAUT 65 · 113 RVK



110,8
ferm.

4ra
herb.

403
íbúð nr.

ÞVOTTAHERBERGI INNAN ÍBÚÐAR

Búseturéttur: 6.992.790 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 249.924 kr.
Mögulegt lán: 1.800.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Samkomulag.

ÁVINNINGUR

- Örugg búseta
- Minni fjárbinding
- Réttur til vaxtabóta
- Lægri kaup- og sölukostnaður
- Búseti sér um ytra viðhald

Birt með fyrirvara um villur og breytingar.

INNIFALIÐ Í BÚSETUGJALDI

Fjármagnskostnaður,
skyldutryggingar, hiti,
fasteignagjöld, hússjóður,
þjónustugjald og framlag
í viðhaldssjóð.

NÝTT Í SÖLU

Umsóknarfrestur: Til **9. feb. kl. 16:00.**
Rafræn úthlutun: 10. feb. kl. 12:00.

Umsækjendum er ráðað í röð
þar sem hæstbjóðandi er efstur.
Þegar um sömu tilboðsfjárhæð er
að ræða er farið eftir félagsnúmeri.

BÚSETI ER STOLTUR AÐILI AÐ:



HAFÐU SAMBAND

BUSETI.IS
buseti@buseti.is
Sími: 556 1000

Sérfræðingar í ráðningum

Við finnum rétta starfsmanninn fyrir þig



lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is



www.fastradningar.is



Akralind 3, 201 Kóp.

GLÆSILEGT ATVINNU- OG LAGERHÚSNÆÐI.



Glæsilegt og vandað fullfrágengið ca. 640 fm atvinnu- og lagerhúsnæði miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu og skiptist í lagerhúsnæði með góðu aðgengi, tvær rúmgóðar skrifstofur, opið skrifstofurými, tæknirými, fundarherbergi, eldhús og tvær snyrtingar. Opið skrifstofurými á efri hæð með kaffirkök og útgengi á svalir. 23 bílastæði. **Verð tilboð.**
Nánari upplýsingar, hlynur@fold.is / 624-8080.

Dynjandisvegur 21

SUMARHÚS Í BLÁSKÓGABYGGÐ.



Mjög gott og vel byggt, rúmlega 70 fm sumarhús, byggt af Borgarhúsum 2008. Til viðbótar er geymsluhús á lóðinni. Parket og flisar á gólfum. Hitaveita. Gólfhiti. Heitur pottur. Stór verönd. Símahlið. Tvö svefnherbergi ásamt stofu og eldhúsi í sama rými. Glæsileg lóð með miklum gróðri. Leigulóð 4200 fm. **Verð 37,5 millj.**

Eignarlóð við Hafravatn

276 MOSFELLSBÆ.



Sumarhúsaloð við Hafravatn. Frá lóðinni er mjög gott útsýni yfir vatnið. Lóðin er rúmlega 2500 FM eignarlóð á frábærum stað, nálægt borgarmörkum. **Verð 14,9 millj.**
Nánari upplýsingar á skrifstofu.

Sætún á Kjalarnesi

REYKJAVÍK.



Tvær eignaloðir með atvinnuhúsnæði og byggingarrétti á Kjalarnesi. Á annarri lóðinni er 630 FM endurnýjað atvinnuhúsnæði með innkeyrsludýrum auk 850 FM byggingarréttis. Á hinni lóðinni er 2319 FM byggingarréttur fyrir atvinnuhúsnæði, teikningar og hugmyndir liggja fyrir, en kaupandi getur mótað svæðið að sýnum hugmyndum. Miklir framtíðarmöguleikar á svæðinu með tilkomu Sundabrautar.
Allar nánari upplýsingar veittar á Fold fasteignasölu, fold@fold.is.

5,6 hektara eignarlóð í landi Kringlu,

NÁLÆGT SÓLHEIMUM Í GRÍMSNESI.



Fallega gróin 5,6 hektara eignarlóð í landi Kringlu, nálægt Sólheimum í Grímsnes- og Grafningshreppi. Lóðin stendur á sléttlendi með miklu útsýni til fjalla. Frábær staðsetning, spölkorn frá Sólheimum í Grímsnesi og nálægt Minni-Borg, Laugarvatni og Skálholti. Gott land til ræktunar og fyrir hestafólk. **Verð 8,9 millj.**

Óskum eftir

- íbúðum í öllum hverfum Reykjavíkur til kaups eða leigu fyrir opinberan aðila
- traustar greiðslur
- langur leigutími
- nánari upplýsingar á skrifstofu

Hvað kostar eignin mín?

Kíktu á www.fold.is – eða hafðu samband í síma 552 1400 / 694 1401

Pú finnur okkur á fold.is

vinnvinn



Mat á umhverfisáhrifum Ákvörðun um matsskyldu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að framkvæmdin

Aflaukning Hólsvirkjunar, Þingeyjarsveit

skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 111 /2021. Ákvörðunin er aðgengileg á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **1. mars 2022**.



SVEITARFÉLAGIÐ
VOGAR

Auglýsing um skipulagsmál

Skipulagslýsing fyrir Breiðagerði, frístundabyggð

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga hefur samþykkt skipulagslýsingu fyrir gerð deiliskipulags fyrir Breiðagerði, frístundabyggð skv. 3.mgr. 40. gr skipulagslaga nr. 123/2010. Viðfangsefni deiliskipulagsins er að skipuleggja núverandi og fyrirhugaða frístundabyggð á svæðinu. Í deiliskipulaginu verða byggingarreitir og byggingarákvæði skilgreind fyrir lóðirnar. Þá verður gerð grein fyrir lóðamörkum, aðkomuleiðum, nýtingarhlutfalli og öðrum þeim ákvæðum sem ástæða verður til að skilgreina í deiliskipulagi.

Skipulagslýsingin mun liggja frammi til kynningar á bæjarskrifstofu að löndal 2, 190 Vogum en vegna lokunar á skrifstofunni þarf að pantatíma í síma 440-6200. Einnig er hægt að nálgast lýsingu á vef sveitarfélagsins á www.vogar.is Skriflegum ábendingum er hægt að koma á framfæri með því að senda á heimilisfang bæjarskrifstofu eða senda tölvupóst á byggingarfulltrui@vogar.is fyrir **23. febrúar 2022**.

Skipulags- og byggingarfulltrúi

SKIPULAGSMÁL Í GARÐABÆ

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með tillögu að breytingum deiliskipulags Arnarness og tillögu að breytingu deiliskipulags Kaupþúns í samræmi við 1. mgr. 31 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sbr. 1 mgr. 41. gr. og 1. mgr 43. gr sömu laga.

Samgöngustígur meðfram Hafnarfjarðarvegi, tillaga að breytingu deiliskipulags Arnarness

Tillagan gerir ráð fyrir að stígur meðfram Hafnarfjarðarvegi frá Arnarnesslæk, um væntanleg undirgöng undir Arnarneshæð og að sveitarfélagsmörkum Garðabæjar og Kópavogs verði skilgreindur sem samgöngustígur með aðgreindri umferð hjólréiða og gangandi vegfarenda. Breidd samgöngustígs getur verið allt að 2x3 metrar með lýsingu.

Kynningarfundur verður haldinn þriðjudaginn 1. mars kl 17:00 í Sveinatungu, Garðatorgi 7, Garðabæ.

Kaupþún 4 (IKEA), tillaga að breytingu deiliskipulags Kaupþúns.

Tillagan gerir ráð fyrir því að verslunarlóðin Kaupþún 4 stækki til vesturs um 16.866 m², er fyrir breytingu 56.403 m² en verður 73.269 m² eftir breytingu. Hámarksbyggingarmagn á lóð eykst úr 22.500 í 35.000 m². Fjöldi bílastæða eykst í samræmi við bílastæðakröfu deiliskipulagsins sem 1 stæði fyrir hverja 30 m². Heimilt verður að áfangaskipta uppbyggingu bílastæða í samræmi við bílastæðabörf.

Tillagan er í samræmi við Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030.

Tillögurnar eru aðgengilegar á vef Garðabæjar, www.gardabaer.is og í þjónustuveri. Þeir sem telja sig eiga hagsmuni að gæta er gefinn kostur á að senda inn skriflegar athugasemdir til og með 14. mars 2022, annað hvort á netfangið skipulag@gardabaer.is eða á bæjarskrifstofu Garðabæjar, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ.



Umhverfismat Matsáætlun í kynningu

Efnistaka úr Litla Sandfelli í Þrengslum

Eden Mining hefur lagt fram matsáætlun til Skipulagsstofnunar vegna umhverfismats vegna efnistöku úr Litla Sandfelli í Þrengslum, Sveitarfélaginu Ölfusi.

Kynning á matsáætlun: Matsáætlunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun og hjá Skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss. Hún er jafnframt aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar www.skipulag.is.

Umsagnarfrestur: Allir geta kynnt sér matsáætlunina og veitt umsögn. Umsagnir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en **3. mars 2021** til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is.

Þarftu að ráða?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

BÍÓ
bærinn

BÍÓBÆRINN

FÖSTUDAGA KL. 20.00
ENDURSÝNDUR LAUGARDAGA KL. 19.30

Gunnar og Árni fara yfir þær kvikmyndir sem eru væntanlegar í bíóhús landsmanna og dusta einnig rykið af gömlum gullmolum og fræða áhorfendur um leyndar-dóma kvikmyndaheimsins.

HRINGBRAUT



Njáll
Gunnlaugsson
njall
@frettabladid.is

Reynsluakstur

Toyota Proace Verso EV

KOSTIR

- Gott aðgengi
- Pláss
- Verð

GALLAR

- Þungur af stað
- Ekkert aðgerðastýri

Grunnverð: 8.790.000 kr.
Hestöfl: 136
Tog: 260 Nm
Hröðun 0-100 km: 13,1 sek.

Hámarks hraði: 130 km
Rafhlaða: 75 kWst.
Drægi: 330 km
L/B/H: 4.959/1.920/1.890 mm

Hjólhaf: 3.275 mm
Eigin þyngd: 2.140 kg
Farangursrými: 603 l
Dráttargeta: 1.000 kg



Um stóran bíl er að ræða í rafdrifnum Proace sem hentað gæti vel stórum fjölskyldum.

MYNDIR/TRYGGVI ÞORMÓÐSSON

Rúmgóður en svifaseinn

Fyrsti rafbíll Toyota er ekki bZ4X sem væntanlegur er á þessu ári, heldur rafdrifin útgáfa Proace-sendibílsins í útgáfu fyrir átta farþega. Að vísu má deila um hvort um fólksbíl sé að ræða, eða jafnvel hvort bíllinn sé yfirhöfuð frá Toyota, því að rafdrifinn Proace er í grunninn Peugeot Traveller eða Citroen SpaceTourer og byggir á EMP2-undirvagninum.

Bíllinn kemur í átta sæta útfærslu og ef öll sætin eru tekin úr honum aftur í er komið 4.900 lítra flutningsrými. Rafmótorinn er þar sem dísilvélin hefði annars verið og rafgeymirinn er undir gólfinu svo að rými innan í Proace er ekkert minna en í dísilbílnum. Þess vegna má segja að um fjölhæfan bíl sé að ræða fyrir þá sem þyrftu stóran bíl og kjósa að hafa hann rafdrifinn. Það er auðvitað hið finasta pláss í Proace og gildir einu hvort maður sest fram í eða í öftustu sætaröð. Til að komast í öftustu sætaröðina er kippt í handfang fyrir aftan miðjusæti og fellur þá bakið aðeins fram. Þar sem bíllinn er stór kemur það ekki að sök við að koma sér aftast í bíllinn. Það hlýtur að vera dálítið út úr kú að selja bíl fyrir rúmar 10 milljónir og hann er ekki með aðgerðastýri, en sú var raunin í þessum bíl. Var blaðamanni tjáð að það væri á leiðinni en Toyota hefði lent í einhverjum vandræðum með það í fyrstu útgáfunni og þess vegna hefði það ekki verið í boði. Þar fyrir utan er snertiskjárninn í miðjustokki af minnstu gerð eða aðeins 7 tommur og hverfur því í mælaborð þessa stóra bíls.

Proace Verso er með drægi allt að 330 km sem ætti að duga flestum til daglegra nota. Reynsluaksturinn fór fram í talsverðum kulda og þess vegna stóðust væntingar um gott drægi ekki, enda var bíllinn fljótur að hrapa úr því 307 km drægi sem stóð í mælaborðinu þegar bíllinn var sóttur. Í Proace Verso eru þrjár akstursstillingar, Power, Eco og Normal.

➤ Rafmótorinn er þar sem dísilvélin hefði annars verið og rafgeymirinn er undir gólfinu svo að rými innan í Proace EV er ekkert minna en í dísilbílnum.

Það er reyndar ekkert kraftmikið við bíllinn en í Power-stillingunni skilar hann 136 hestöflum og 260 Nm togi, sem þýðir að hann er 13,1 sekúndu í hundraðið. Í Eco-stillingunni fer hann svo niður í 82 hestöfl og 190 Nm enda veitir ekki af til að ná þeirri drægni sem þarf. Í þeirri stillingu er bíllinn mjög latur af stað og alls ekki með því togi sem maður er vanur í rafbílum.

Bíllinn er nokkuð þungur í akstri þótt hann sé léttur í stjórn-tækjum. Hann liggur þó ágætlega og er þökkalega lipur fyrir bíl af þessari stærð þótt akstursegingleikarnir minni stundum á járnbrautarlest. Um tvær útgáfur er að ræða í rafdrifnum Proace Verso, annars vegar Live-útfærsluna sem kostar 8.790.000 kr. og svo nokkuð vel búinn Active Plus sem kostar 10.190.000 kr. Keppir við Mercedes-Benz EQV og kannski hinn sjö manna Maxus Euniq MPV. Mercedes-Benz EQV kostar frá 11.990.000 kr., reyndar með stærri 90 kWst rafhlöðu og betri búnaði. Hinn kínverski Maxus Euniq MPV er hins vegar aðeins á 6.690.000 kr. en kemur aðeins í sjö sæta útfærslu. ■



Með öftustu sætin í notkun er farangursrýmið samt rúmir 600 lítrar.



Active Plus útgáfan er búin stórum og vel læsilegur framrúðuskjá.



Pláss og aðgengi er mjög gott gegnum rafdrifnar hliðarhurðirnar.



Rafmótorum er komið fyrir þar sem vélin hefði annars verið og hverfur hann nánast ofan í vélar-salinn.



Mælaborðið er frekar einfalt og þá líka skiptingin sem er aðeins flipi neðst í miðjustokki.

Elsta mótorhjólið til að nást á mynd

Meðal áhugamála ritstjóra Bílblaðs Fréttblaðsins er söfnun mynda og heimilda um gömul mótorhjól.

njall@frettabladid.is

Bjargmundur Björgvinsson hafði samband við undirritaðan á dögnum með nokkrar gamlar mótorhjólamyndir úr safni afa síns, Bjargmundar Guðmundssonar. Bjargmundur hinn eldri var lengst af rafstöðvarstjóri í Hafnarfirði og átti nokkur mótorhjól en fyrsta mótorhjól hans var Bradbury-mótorhjólið. Á einni myndinni mátti sjá, svo ekki varð um villst, mótorhjól sem bar númerið RE-187, en það er einmitt númerið sem Bradbury-mótorhjólið bar. Við nánari skoðun á hjólinu á myndinni má sjá að um 1911 árgerð er að ræða sem gerir myndina ansi merkilega, því aðeins er vitað um eitt eldra mótorhjól á Íslandi, en það var ELG-mótorhjólið sem kom hingað fyrst allra árið 1905.

Bradbury-mótorhjólið var fyrst skráð á Óskar Westlund prentara 24. apríl 1920 og er ári seinna skráð á Bjarna Þorsteinsson, Vesturgötu 33. Það er svo tilkynnt 1924 að í apríl 1922 hafi hjólið verið selt Bjargmundi Guðmundssyni í Hafnarfirði, en hann átti einnig BSA-mótorhjólið HF-10 árið 1927 eða þar um bil. Allavega er RE-187 komið á Rugby-vörubifreið í byrjun árs 1928 svo að líklega hefur hann selt Bradbury-mótor-



Bradbury Standard frá 1911 þekkist meðal annars af reimdrifi og gaslukt ásamt skermuðu fram-brettinu.

MYND/SKJÁSKOT

Myndin virðist þó vera tekin við Rafstöðina við Elliðaár en Bjargmundur vann þar 1922-3 og er myndin því líklega tekin ekki síðar en 1923.

hjólið um eða eftir miðjan þriðja áratuginn. Hjólið var upphaflega skráð eins stokka og 3 ½ hestafl og 60 sentimetrar á breidd svo ekki hefur það verið með hliðarvagni.

Bradbury er eitt af fyrstu mótorhjólamerkjunum en Bradbury-mótorhjól komu á markað árið 1902 með Minerva-vélum. Bradbury fékk einkaleyfi árið 1903 fyrir grind sem var ásoðin sveifarshúsinu og þar af leiðandi þóttu hjólin stöðugri í keyrslu. Árið 1910 voru komnar kúlulegur í sveifarásinn og á þessum tíma þóttu Bradbury-mótorhjólin mjög fullkomin. Árið 1910 kom 3,5 hestafla gerðin á markað og voru tvær gerðir Bradbury þá á markaði, bæði 517 rsm. Gerðirnar kölluðust Sport og Standard og voru búnar reimdrifi. Þá voru þær búnar Dunlop-dekkjum og Brooks-hnakkí, en Standard-útgáfan eins og hjól Bjargmundar var með gaslukt með gastanki fyrir ofan bensíntankinn og þekkist 1911 árgerðin af því. ■



JOHAN
RÖNNING

Sérfræðingar í hleðslustöðvum fyrir rafbíla



Nánari upplýsingar á ronning.is/rafbilar

Reykjavík
Klettagördum 25
Sími 5 200 800

Akureyri
Draupnigötu 2
Sími 4 600 800

Reykjanesbær
Bolafæti 1
Sími 420 7200

Reyðarfjörður
Nesbraut 9
Sími 470 2020

Selfoss
Eyrarvegi 67
Sími 4 800 600

Hafnarfjörður
Bæjarhrauni 12
Sími 5 200 880

Grundartangi
Mýrarholtsvegi 2
Sími 5 200 830

Straumurinn er í Öskju!



Yfir 30 gerðir rafmagnaðra bíla

Askja býður glæsilegt úrval 100% rafbíla, tvinn- og tengiltvinnbíla frá Mercedes-Benz, Kia og Honda. Við erum sérfræðingar í rafbilum og svörum öllum þínum spurningum um allt sem þeim tengist.

Kíktu í heimsókn, opið í dag 8-17 – við tökum vel á móti þér.

**Skoðaðu úrvalið á
sýningarsalur.askja.is**

Sýningarsalur nýrra bíla Öskju á vefnum er alltaf opin.
Þar má sjá bíla sem eru til á lager eða eru væntanlegir.



Yfirbygging bílsins vegur aðeins 80 kíló og GT2 verður um 600 hestöfl.

KTM þróar nýjan X-Bow ofurbíl

njall@frettabladid.is

Ofurbíllinn X-Bow GT2 er í þróun hjá austurríska mótörhjólaframleiðandanum KTM en hann verður annar bíll merkisins. KTM hefur komið með nokkrar útgáfur X-Box síðan 2008 en nýi bíllinn verður talsvert öflugri. Fyrsta útgáfan skilaði tæpum 300 hestöflum en GT2 mun notast við 2,5 lítra, fimm strokka forþjöppuvélina úr Audi RS3. Með því að auka aðeins við afl hennar stekkur GT2 upp í um 600 hestöfl.

➤ Aðeins verða framleidd 100 eintök á ári af GT2 ofurbílnum.

Yfirbyggingin verður úr kol-trefjum en hún kemur frá Dallara og vegur aðeins 80 kíló. Til að setjast inn í bíllinn lyftist yfirbyggingin fram en það verður hægt að opna hliðarrúður sérstaklega. Alls verður bíllinn aðeins rúmt tonn að þyngd þótt götuútgáfa hans verði eflaust aðeins þyngri. Það stýttist í að þessi bíll verði frumsýndur þótt nákvæm dagsetning hafi ekki verið gefin út, en aðeins verða framleidd 100 eintök á ári. ■



Nissan Micra hefur séð minnkandi sölu enda aðeins búin bensínvélum.

Rafdrifin Micra væntanleg 2024

njall@frettabladid.is

Til stendur að koma með nýjan, rafdrifinn Nissan Micra á markað áður en langt um líður. Mun hann koma á sama CMF-BEV undirvagni og væntanlegur Renault 5 en Renault og Nissan tilkynntu þetta í sameiginlegri yfirlýsingu á fimmtudaginn var.

➤ Rafdrifin Micra verður á sama CMF undirvagni og rafdrifinn Renault 5.

Búast má við að fyrstu bílarnir muni sjást árið 2024 og verði með rafhlöðu sem dugi til 400 km aksturs. Alls verða framleiddir 250.000 slíkir bílar á ári segir í tilkynningunni en undirvagninn er sagður minnka framleiðslukostnað um 33% og orkunotkun um 10% miðað við núverandi undirvagn Renault Zoe. Alls verða fimm nýir rafbílaundirvagnar settir í notkun á þessum áratug og fara þeir í 35 rafbíla hjá bæði Nissan og Renault. ■

Myndir af innréttingu Austral

njall@frettabladid.is

Renault er á leið á markað á þessu ári með nýjan jeppling sem tekur við af Kadjar og byggður er á nýja CMF-CD3 undirvagninum. Bíllinn kallast Austral og í vikunni sendi Renault frá sér myndir af innréttingu hans.

Eins og sjá má spilar baklýsing stórt hlutverk sem og nýtt skjákerfi sem samanstendur af 12,3 tommu mælaborðsskjá og 12

tommu upplýsingaskjá. Kallast kerfið OpenR Link og er mjög fullkomið að sögn Renault, með innbyggt Android Auto, Apple CarPlay, Google leit og Google Maps. Stýrið er líka hannað til að ökumaður sjái betur á veginn og mælaborðið. Prófanir á bílnum standa yfir en alls verða eknar 2 milljónir kílómetra. Sjá 100 bílar og 900 ökumenn um verkið en 600.000 kílómetrar eru eknir á þjóðvegum. ■



Nóg er af hólfum í innréttingunni og eitt stórt í miðjustokknum.



www.krokur.net

522 4600

Taktu Krók á leiðarenda

Krókur er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahliða þjónusta í meðhöndlun tjónabíreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum



KRÓKUR
á þinni leið

Vesturhraun 5 210 Garðabær

ÚTSALAN ER HAFIN



Einnig
fánleg í
barnastærðum



20-50%
AFSLÁTTUR



30-50%
AFSLÁTTUR

OSPREY BAKPOKAR

Hágæða bakpokar.
Eitt mesta úrval landsins!

Klifurbakpokar
Leiðsögumannabakpokar
Fjallgöngubakpokar • Dufflar
Krakkabakpokar
Fjallaskíðabakpokar
Hjólabakpokar • Ferðatöskur



20-50%
AFSLÁTTUR



30-50%
AFSLÁTTUR



PeakPerformance

20-50%
AFSLÁTTUR



20-50%
AFSLÁTTUR



AFSLÁTTARBORDIN
VERÐA Á SÍNUM STAÐ!

GG SPORT



Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af öllu sem þarf í ævintýrið þitt!

@ggsport.is @gg_sport

Smiðjuvegur 8, græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30-18, laugardagur 11-18, sunnudagur 12-16

Bílar & Farartæki



Audi A3 Sportback e-Tron Hibryd. 8/2017 Modelár 2018. Ekinn aðeins 40 þús.km. Sportsæti. Panorama glerþak. 17" álfelgur. Sjálfskiptur. LED ljós. Ofi. Lækkað verð aðeins 3.790.000,-

Sparibill ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Þjónusta

Málara

MÁLARAMEISTARI

Tek að mér að endurmála íbúðir og fl. Fagmennska, mikil reynsla og sanngjörn verð. Málningarþjónusta Egils ehf. S. 868-5171. egillsverris@gmail.com

REGNBOGALITIR EHF

Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Löggiltur málarameistari. Löggiltir málara. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitur.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjórnuþá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningur. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskípti, myndsimar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Dyrasímakerfi 777 4944 Rafeindameistarinn. Viðgerðir og Endurnýjun

Húsviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

RÚNARMÚRARI EHF

S 774 3800
HÚSAVIÐGERDIR
MÚRVIÐGERDIR
STEYPUVIÐGERDIR
ENDURHRAUNA
TRÖPPUVIÐGERDIR
MÁLNINGARVINNA
PAKMÁLUN
FLÍSALAGNIR
o.m.fl.

10 ára reynsla í utanhússviðhaldi

Tilboð þér að kostnaðarlausu

https://runarmurari.is/
runarmurari@gmail.com
VSK 135577

Keypt & Selt

Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Mikið úrval
Verð við allra hæfi

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Gítarar og hljómborð í miklu úrvali
Verð við allra hæfi

Húsnæði

Húsnæði í boði

TIL LEIGU.

Íbúð til leigu að Smáralind 35, Kópavogi. 3 herb. á jarðhæð. Langtímaleiga 215 þ. á mánuði. Eingöngu reglusamir koma til greina. Uppl. 897 5516. Steinar

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

intellecta.is

RÁÐNINGAR



intellecta

LOFTVIFTUR

Dreifðu varmanum betur


Haltu loftinu á hreyfingu

Sjáðu úrvalið www.viftur.is

Tilboð
24.990 kr
(var 27.367 kr)



Án viftu



Með viftu



Loftviftur spara orku með því að jafna hitastigið. Þeim mun meiri hæð, þeim mun meiri sparnaður. Á sumrin kæla vifturnar.

LOFTRÆSTING FYRIR SÉRBYLI



EIGUN Á LAGER
-KERFI
-DREIFIBOX
-STÚTA
-BARKA

HLJÓÐLÁTIR BLÁSARAR



ÞAKBLÁSARAR

MIKIÐ ÚRVAL AF STÆRÐUM OG GERÐUM.



Tilboð
21.990 kr
(var 23.075 kr)



Jet 1 - 105 cm

KRAFTVIFTUR ÖFLUGAR GÓLFVIFTUR



Verð
13.898 kr

PURRKEFNI

FÁÐU TILBOÐ Í MAGN!



ÍSHÚSIÐ - LOFTRÆSTIBÚÐIN Á SMÍÐJUVEGI 4A, GRÆN GATA

Febrúar tilboð

Topstar

MADE IN
GERMANY



Headpoint SY

VERÐ NÚ
64.900 kr.
LISTAVERÐ ÁÐUR
93.900 kr.



P90 með netabaki

VERÐ NÚ
78.900 kr.
LISTAVERÐ ÁÐUR
112.900 kr.

30% afsláttur

af öllum TOPSTAR stólum



Sitness 15

VERÐ NÚ
71.900 kr.
LISTAVERÐ ÁÐUR
103.900 kr.



HÆGT
AÐ KAUPA
ARMA SÉR

Support

VERÐ NÚ
21.900 kr.
LISTAVERÐ ÁÐUR
31.400 kr.



HÆGT
AÐ KAUPA
ARMA SÉR

Cube

VERÐ NÚ
49.900 kr.
LISTAVERÐ ÁÐUR
74.900 kr.

www.hirzlan.is



RAMMASAMNINGUR VÍÐ
RÍKISKAUP

Verzlun opin
mán-fim 09:00-18:00,
föstudaga 09:00-17:00,
laugardaga 12:00-16:00.


Lager opin
mán-fim 13:00-17:00
og föstudaga 13:00-16:00.

Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37
Sími: 564-5040
hirzlan@hirzlan.is

Veðurspá Þriðjudagur



Norðvestan 10-18 á austan-verðu landinu í dag, auk þess el norðaustan til fram eftir degi. Hægur vindur á vesturhellingi landsins og bjartviðri. Frost 3 til 12 stig. ■

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik



Krossgáta

LÁRÉTT

- 1 torveldust
- 2 tryllingur
- 6 borða
- 8 fugl
- 10 tveir eins
- 11 áhald
- 12 virki
- 13 álit
- 15 geymir
- 17 févana

LÓÐRÉTT

- 1 þvælast
- 2 afbragðs
- 3 stigandi
- 4 söngródd
- 7 tepur
- 9 dugnaður
- 12 neitun
- 14 umstang
- 16 tveir eins

1	2	3	4	
5			6	7
8			9	
10			11	
		12		
13	14			
15				16
	17			

LÁRÉTT: 1 verst, 5 eðli, 6 et, 8 fasaní, 10 í, 11 töl, 12 borg, 13 svar, 15 tankur, 17 snauð. LÓÐRÉTT: 1 væflast, 2 eðli, 3 ris, 4 tenór, 7 tilgerð, 9 atorka, 12 bann, 14 vas, 16 nu.

THE SCANDINAVIA-JAPAN SASAKAWA FOUNDATION

AUGLÝSING UM STYRKI

Íslandsdeild Scandinavia-Japan Sasakawa Foundation veitir á árinu 2022 nokkra styrki til að efla tengsl Íslands og Japans. Styrkirnir eru veittir til verkefna í samstarfi eða í tengslum við japanska aðila. Veittir eru m.a. ferðastyrkir, námsstyrkir og styrkir til skammtímadvalar í Japan.

Allar upplýsingar um umsóknarferlið er að finna á heimasíðu Scandinavia-Japan Sasakawa Foundation, www.sjsf.se

Fyrir hönd fulltrúa Íslands í stjórn Scandinavia-Japan Sasakawa Foundation, veitir ritari Íslandsdeildar, Björg Jóhannesdóttir, allar frekari upplýsingar, bjorgmin@gmail.com, sími: 820-5292.



UMSÓKNARFRESTUR RENNUR ÚT 1. MARS 2022.

34. **Be4!!** Skilur eftir tvö menn í uppnámi. **34...Hg6** (34...Hxd1 35. Hh7#). **35. Bxg6 1-0.** Danir unnu sigur í landskeppninni. Fyrir hönd Dananna tefldu Mads Andersen og Ellen Frederica Nilssen. Hannes Hlifar Stefánsson vann afar góðan sigur í hraðskákkeppninni sem fram fór á laugardaginn. Afar vel heppnaður viðburður.

www.skak.is: Skákþing Reykjavíkur hefst á morgun. ■

Sudoku

	1		2		5		3	
	2		7	3				
		9			5			
		7						
9				3	4	1		
5		1	9		6	8		
	5		9	8	2			
7			6		8		2	
		8		5	1			

7	3			5	9			
			1		3			
			5	6				7
		2			6		1	
1	9		2				7	
					1	8		
2	9		8				3	
	6	8						5
		1	9		4			

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Eftir Frode Øverli

Geljan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



NÝBAKAÐ BRAUÐ ALLA DAGA

- Austurströnd 14
- Hringbraut 35

BJÖRNSBAKARI

Sími: 561 1433

www.bjornsbakari.is

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is



Egill og Móeiður eru höfundar sviðsmyndar og lýsingar í verkinu Ein komst undan.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

Borgarleikhúsið frumsýnir leikritið Ein komst undan, eftir Caryl Churchill, föstudaginn 4. febrúar. Egill Ingibergsson og Móeiður Helgadóttir eru höfundar sviðsmyndar og lýsingar.

Egill og Móeiður eru hjón og hafa oft unnið saman að leikmynd og lýsingu. Spurð hvað tengi leikmynd og lýsingu segir Móeiður: „Það er rými. Staðsetningar á ljósunum hafa bein áhrif á rýmið.“

„Þetta er svo samtengt, ljósin hafa mikil áhrif á leikmyndina og hönnun leikmynda hefur mikil áhrif á möguleika lýsingar. Svo er hægt að skemma fallega leikmynd með vondri lýsingu en líka auðga hana enn frekar með góðri,“ segir Egill.

Fyrsta skref vinnunnar er að lesa handritið. „Þetta er verulega gott leikrit en það er nokkuð erfitt að lesa handritið að því leyti að þar er

svo mikið af stuttum setningum og konurnar grípa mikið fram í fyrir hver annarri. Eftir að hafa lesið handritið og rýnt það ræddum við við leikstjóran Kristínu Jóhanneseadóttur til að vera í tengingu við hennar sýn á verkið. Svo köstum við hugmyndum fram og til baka,“ segir Móeiður.

Eilífðarteboð

Ein komst undan fjallar um fjórar nágrannakonur sem sitja í bakgarði einnar þeirrar og ræða um allt milli himins og jarðar. Með hlutverk kvennanna fara Kristbjörg Kjeld,

Alls konar spurningar vakna



Verkið fjallar í raun um persónuleg áföll og átök eða jafnvel ragnarök þessara kvenna.

Egill Ingibergsson

Margrét Ákadóttir, Margrét Guðmundsdóttir og Sólveig Arnarsdóttir, en sú síðastnefnda hleypur tímabundið í skarðið fyrir Eddu Björgvinsdóttur.

„Við veltum verkinu mikið fyrir okkur, en það má túlka á marga vegu. Alls konar spurningar vakna eins og: Er þetta ein og sama manneskjan eða eru þetta margar manneskjur? eru þær lifandi eða dánar? Verkið fjallar í raun um persónuleg áföll og átök eða jafnvel ragnarök þessara kvenna og eintöl frá Jarret í verkinu um ragnarök í stærra samhengi,“ segir Egill.

„Leikmynd okkar endurspeglar þá hugmynd okkar að þarna sé eilífðarteboð, konurnar hafi verið þarna frá upphafi og verði þarna mögulega að eilífu,“ segir Móeiður.

Mikilvægur tími

„Verkið er tvíþætt. Annars vegar ræða konurnar ýmis mál, upplifun sína af fortíðinni, tengsl við ættmenni, ótta sinn, áföll og erfiðleika en hins vegar eru það eintöl sem gerast eiginlega flest í öðrum heimi eða einhvers konar undarlegum milliheimi. Tími er mikilvægur og sjáanlegur.

Allt er mosavaxið og ryðgað, í niðurniðslu en þó ekki. eru þær í garði Sallýjar, skrudgarði eða kirkjugarði? Er þetta raunverulegur staður eða ekki? Til að komast í milliheiminn vinna leikmynd og lýsing vel saman. Steinveggir verða til dæmis gegnsæir og umbreytingin getur gerst á svipstundu.“ segir Egill. ■

Hið óljósa man

LEIKLIST

Það sem er

Peter Asmussen

Tjarnarbió

Leikari: María Ellingsen

Leikstjóri: Ólafur Egill Egilsson

Leikmynd: Snorri Freyr Hilmarsson

Búningar: Filippía Elisdóttir

Lýsing: Björn Bergsteinn Guðmundsson

Tónlist: Ólafur Björn Ólafsson

Sviðshreyfingar: Anna Kolfinna Kuran

Leikgervi: Guðrún Erla Sigurbjarnadóttir

Þýðing: Auður Jónsdóttir

Sigríður Jónsdóttir

Kona í Austur-Þýskalandi situr við bréfaskriftil. Hún er að skrifa dönskum elskhuga sínum í Kaupmannahöfn. Þau hittust bara einu sinni í vinnuferð og kolfellu fyrir hvort öðru. Bréfin ferðast yfir Berlínarmúrinn í laumi og samskiptin standa yfir í áraradír. En ekki er allt sem sýnist. Hvernig er hægt að fela sannleikann í eftirlitssamfélagi? Hvernig er hægt að afhjúpa sannleikann í eftirlitssamfélagi? Einleikurinn þáð sem er byggist

á skáldsögu Peter Asmussen sem kom út árið 2012 og leynir hressilega á sér. Á yfirborðinu virðist þetta vera einföld saga um forboðna ást en undir niðri ólga straumar líkamlegrar hættu, persónulegra efasemda og vænisýki. Alls ekki að ástæðulausu. Í verkinu skarast mörk hins raunverulega og fantasíunnar, hið pólitíska og hið persónulega, angurværð og örvænting. Auður Jónsdóttir nær föstum tókum á textanum og skilar honum skýrt á íslenska tungu.

María Ellingsen leikur Renötu, tveggja barna móður og eiginkonu sem finnur óvænt ástina í öðru landi. Hún fær útrás með því að deila nostalgískum minningum, hverdagslegum vangaveltum og framtíðardraumum. Áhorfandinn er settur í hlutverk viðtakanda bréfanna, danska elskhugans. Hlutverkið er krefjandi en hún leysir það ágætlega. Þá sérstaklega þegar fer að þrengja virkilega að aðalpersónunni, þegar fantasían og raunveruleikinn takast á. María afhjúpar innra sálarstríð Renötu varlega og fer með textann eins og hún sé að segja áhorfendum leyndarmál. Hver nýr sannleikur færir okkur skrefi nær skilningi á tilvist hennar. Leikurinn einkennist þó einum of af



María fer með textann eins og hún sé að segja áhorfendum leyndarmál, segir gagnrýnandi.

MYND/ADSEND

rómantik líkt og Renata sé blinduð af ást, sem er ekki alveg trúverðugt miðað við samfélagið sem hún býr í. Sjálfsblekkinguna og afneitunina hefði mátt kynna fyrr til leiks, enda býður texti Asmussen svo sannarlega upp á slíkt. Þrúgandi andrúmsloftið kemst ekki nægilega til skila í leik Mariu fyrr en undir lokin.

Listræn umgjörð sýningarinnar einkennist af naumhyggju. Leikstjórinn Ólafur Egill Egilsson og

leikmyndahönnuðurinn Snorri Freyr Hilmarsson afmarka rými Renötu við fáeina metra, þar sem hún situr allan tímann límd við stól á upphækkuðum palli. Fullkomlega einangruð í angist sinni. Lýsing Björns Bergsteins Guðmundssonar ber af. Hann umkringir Renötu sterkum ljóskösturum, líkt og í yfirheyrslu, og baklýsingu sem teiknar upp mynd af skuggum samfélagsins. Renata á sér enga undankomuleið,



Það sem er lokkar áhorfandann til sín með hægum en öruggum skrefum.

nauðbeygð til að horfast í augu við sjálfa sig á endanum. Búningahönnun Filippíu Elisdóttur og leikgervi Guðrúnar Erlu Sigurbjarnadóttur bera einnig einkenni afhjúpunar, hversdagslegt fas sem molnar eftir því sem árin líða og áföllin dynja á.

Það sem er lokkar áhorfandann til sín með hægum en öruggum skrefum. Með hverju bréfi, hverju ári, sökkvum við dýpra og dýpra í samfélag sem er gegnsýrt vænisýki, ekki að ástæðulausu. Allir hafa eitt-hvað að fela og í samfélagi þar sem leyndarmál eru mögulega dauðasök þá er allt undir. ■

NIÐURSTAÐA: Einstaklega vel skrifaður einleikur. Lausnir leikhópsins eru góðar en skortir sterkari tók á sálfræðitryllinum sem fyrirfinnst í textanum.

RISA ÚTSALA LOKAVIKAN



AVILA

Hornsófi vinstri eða hægri í Kentucky koníaks brúnu bonded leðri. 276 x 210 x 77 cm. 299.990 kr.

Nú 239.992 kr.



YORK

Borðstofustóll. Svartur, brúnn eða dökkgrár. PU leður. 26.990 kr.

Nú 19.973 kr.

60%

NAPOLI

Counterstóll. Svartur eða grár. H85 cm. 23.990 kr.

Nú 9.596 kr.



PATRICIA

Borðstofustóll. Dökkgrár með svörtum fótum. 29.990 kr.

Nú 17.994 kr.

SINGLE

Eldhúsborð. Hvít melamín borðplata, eikarfætur. 80 x 120 cm. 74.990 kr.

Nú 52.493 kr.



PINTO

4ra sæta sófi í Kentucky stone eða koníak bonded leðri. 253 x 97 x 85 cm. 249.990 kr.

30%

Nú 174.993 kr.

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Tilboð gilda á meðan útsölu stendur eða á meðan birgðir endast.



HÚSGAGNA
HÖLLIN

www.husgagnahollin.is

Sími: 558 1100

Þriðjudagur

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Matur og heimili** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
- 19.30 Lífið er lag** Sigurður K. Kolbeinsson fjallar um málefni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tækifæri efri ára.
- 20.00 433.is** Farið yfir allt það helsta í heimi íþróttar, heima og erlendis.
- 20.30 Fréttavaktin**
- 21.00 Matur og heimili (e)**

RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi**
- 13.10 Kastljós**
- 13.35 Útsvar 2008-2009** Undanúrslit. Árborg - Fljótsdalshérað.
- 14.30 Út í alheiminn með Stephen Hawking**
- 16.00 Lífsins lystisemdir**
- 16.30 Menningarvikan**
- 16.50 Bækur og staðir** Hafnarstræti
- 17.00 Íslendingar** Jón Helgason.
- 18.00 KrakkaRÚV** Helstu fréttir settar fram á einfaldan og aðgengilegan hátt. Umsjón. Kolbrún María Másdóttir og Gunnar Hrafn Kristjánsson.
- 18.01 Hönnunarstirnir**
- 18.19 Strandverðirnir**
- 18.28 Frímó** Blöðruvandamál og Kúlurass.
- 18.45 Krakkafréttir**
- 18.50 Straumar - brot** Blindsker.
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.30 Veður**
- 19.35 Kastljós**
- 20.05 Kveikur** Þáttur í anda klassískra fréttaskýringaþátta með áherslu á rannsóknarblaðamennsku sem sendur er út hálfsmánaðarlega.
- 21.00 Síðasta konungsríkið The Last Kingdom** Fjórða þáttaröð þessara ævintýralegu spennuþátta sem gerast á Englandi á síðari hluta niundu aldar. Stríðsmaðurinn Uhtred er staðráðinn í að endurheimta ríki sitt en hann er ekki sá eini sem ágrinist það. Aðalhlutverk. Alexander Dreyfuss, Eliza Butterworth og Arnar Fedaravicius. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

- 22.00 Tiúfréttir**
- 22.15 Veður**
- 22.20 Bláa línan** Den tunna blá linjen Sænskir lögregluþættir sem gerast í Malmö. Fylgst er með sex lögreglumönnum í vinnu og einkalífi í fjölmenningsamfélagi borgarinnar. Aðalhlutverk. Amanda Jansson, Oscar Töringe, Gizem Erdogan, Per Lasson, Sandra Stojiljkovic og Anna Sise. Leikstjórn. Sanna Lenken, Anders Hazelius og Micke Hansson. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
- 23.20 Ögn og skelfing** The Terror
- 00.05 Dagskrárlök**

Stöð 2 Golf

- 06.30 Dubai Desert Classic** Útsending frá Dubai Desert Classic á DP World mótaröðinni.
- 12.30 Dubai Desert Classic**
- 18.30 Dubai Desert Classic**
- 18.55 Dubai Desert Classic**

Sjónvarp Símans

- 12.30 Dr. Phil**
- 13.15 The Late Late Show**
- 14.00 The Block**
- 15.00 Extreme Makeover. Home Edition**
- 15.45 Solsidan**
- 16.10 Survivor**
- 16.55 The King of Queens**
- 17.15 Everybody Loves Raymond**
- 17.40 Dr. Phil**
- 18.25 The Late Late Show**
- 19.10 The Block**
- 20.10 Ordinary Joe**
- 21.00 FBI**
- 21.50 FBI. Most Wanted**
- 22.40 Paradise Lost**
- 23.30 The Late Late Show**
- 00.15 Dexter**
- 01.05 New Amsterdam**
- 01.50 Station 19**
- 02.35 The Great**
- 03.25 Tónlist**

RÚV Rás eitt

- 00.00 Fréttir**
- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
- 06.50 Morgunvaktin**
- 07.00 Fréttir**
- 07.30 Fréttayfirlit**
- 08.00 Morgunfréttir**
- 08.30 Fréttayfirlit**
- 09.00 Fréttir**
- 09.05 Segðu mér**
- 09.45 Morgunleikfimi**
- 10.00 Fréttir**
- 10.03 Veðurfregnir**
- 10.13 Á reki með KK**
- 11.00 Fréttir**
- 11.03 Mannlegi þátturinn**
- 12.00 Fréttir**
- 12.03 Hádegjð Fyrri og seinni hluti**
- 12.20 Hádegisfréttir**
- 12.42 Hádegjð**
- 13.00 Dánarfregnir**
- 13.02 Samfélagið**
- 14.00 Fréttir**
- 14.03 Lofthelgin**
- 15.00 Fréttir**
- 15.03 Frjálsar hendur**
- 16.00 Síðdegisfréttir**
- 16.05 Viðsjá**
- 17.00 Fréttir**
- 17.03 Lestin**
- 18.00 Spegillinn**
- 18.30 Að eiga mömmu eða pabba með krabba**
- 18.50 Veðurfregnir**
- 18.53 Dánarfregnir**
- 19.00 Endurómur úr Evrópu**
- 20.35 Mannlegi þátturinn**
- 21.35 Kvöldsgagan. Samastaður í tilverunni (17 af 24)**
- 22.00 Fréttir**
- 22.05 Veðurfregnir**
- 22.10 Samfélagið**
- 23.05 Lestin**

Stöð 2 Bíó

- 11.25 Dolittle**
- 13.10 Johnny English**
- 14.35 Holy Lands**
- 16.10 Dolittle**
- 17.55 Johnny English**
- 19.20 Holy Lands**
- 21.00 21 Bridges** Hörkuspennandi glæpamynd frá 2019.
- 22.35 Happy New Year, Colin Burstead**
- 00.05 American Psycho** Kómiskur, glæpa- og spennutryllir með Christian Bale í aðalhlutverki. Patrick Bateman vinnur á Wall Street í New York í fyrirtæki föður síns, en á kvöldin er hann kaldrifjaður morðingi, síðblint skrímsli, sem hatar heiminn meira og meira með hverjum deginum sem líður.
- 01.45 21 Bridges**

Stöð 2

- 08.00 Heimsókn**
- 08.15 The O.C.**
- 09.15 Bold and the Beautiful**
- 09.35 Manifest**
- 10.15 Jamie's Quick and Easy Food**
- 10.40 Call Me Kat**
- 11.05 Saved by the Bell**
- 11.30 30 Rock**
- 11.50 Masterchef USA**
- 12.35 Nágrannar**
- 12.55 The Grand Party Hotel**
- 13.55 Lögreglan**
- 14.10 10 Years Younger in 10 Days**
- 15.00 The Good Doctor**
- 15.45 Heimsókn**
- 16.10 The Heart Guy** Ástralskir þættir sem fjalla um risandi stjörnu í skurðlækningum sem á framtíðina fyrir sér í lífi og starfi.
- 16.55 The Heart Guy**
- 17.35 Bold and the Beautiful**
- 18.00 Nágrannar**
- 18.26 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.50 Sportpakkinn**
- 18.55 Ísland í dag**
- 19.10 Shark Tank**
- 19.55 Masterchef USA**
- 20.35 B Positive**
- 20.55 S.W.A.T.**
- 21.40 Magnum P.I.**
- 22.25 Cold Case (2.16)** Liðið dregur gamalt, óuppgeitt mál upp á yfirborðið sem snýr að konu úr bandaríska hernum en gerviútlímur hennar finnst í á. Scotty heimsækir gamlan bróður í tengslum við málið og við það rifjast upp erfiðar minningar úr æsku þeirra.
- 23.10 Cold Case (3.16)**
- 23.55 Angela Black**
- 00.45 Coroner** Leyndardómsfullir sakamálaþættir sem byggðir eru á vinsælum bókaflökki.
- 01.25 Cardinal**
- 02.10 The O.C.**
- 02.50 Manifest** Þriðja þáttaröð þessara dularfullu spennuþátta. Farþegarnir halda áfram að reyna að komast að því hvað kom fyrir þau í flugi 828.
- 03.30 The Heart Guy**
- 04.15 The Heart Guy**

Stöð 2 Sport

- 08.00 Valur - Njarðvík** Útsending frá leik í Subway-deild karla.
- 09.40 HK - Afturelding** Útsending frá leik í Olís-deild kvenna.
- 10.50 Haukar - Stjarnan**
- 12.05 Seinni bylgjan**
- 13.00 Valur - Njarðvík**
- 14.40 KR - Grindavík** Útsending frá leik í Subway-deild karla.
- 16.05 Þór Þ. - Stjarnan**
- 17.30 Subway Körfuboltakvöld**
- 18.35 Valur - Njarðvík**
- 20.15 Jólamót Stöðvar 2 Sports** Þar sem bestu og efni-legustu þilukastskippendur landsins etja kappi.
- 21.55 Jólamót Stöðvar 2 Sports**
- 23.25 Seinni bylgjan**

Stöð 2 Sport 2

- 11.20 Lögmál leiksins**
- 12.30 Football League Show**
- 13.00 Huddersfield - Stoke**
- 14.40 Football League Show**
- 15.05 Peterborough - Sheffield United**
- 16.45 Football League Show**
- 17.10 Lögmál leiksins**
- 18.20 Valencia Basket - Gran Canaria**
- 20.00 Lokasóknin**
- 21.10 Warriors - Nets**
- 23.05 Lokasóknin**

GÓLFEFNA ÚTSALA 20-70%*


ÞÚSUNDIR FERMETRA AF FLÍSUM, PARKETI, DÚKUM OG TEPPUM

KOMDU NÚNA OG
GERÐU FRÁBÆR KAUP

*Gildir frá verðlistaverði - Opið virka daga frá 08:00-18:00 / Föstud. 8:00-17:00 / Laugardaga 10:00-14:00

 **ALFABORG**
- allt á gólfð -

Skútvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is



Neil Young styður málstað 270 vísindamanna sem gagnrýna umræðu um bólusetningar í vinsælasta hlaðvarpsþættinum á Spotify.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY

Stríðsvindar blása um streymisheima

Neil Young og Joni Mitchell hafa látið fjarlægja tónlist sína af streymisveitunni Spotify og vilja þannig mótmæla efnistöku hlaðvarpsþátta Joe Rogan, sem eru þeir vinsælustu á veitunni. Eftir stendur þó stóra spurningin um hvort andóf gömlu hippanna muni marka vatnaskil í yfirburðastöðu Spotify á streymismarkaði.



Réttlætiskenndin skiptir þarna máli fyrir suma.



Eður Arnarson, framkvæmdastjóri Félags hljómplötuframleiðenda

ninarichter@frettabladid.is

Í byrjun árs kallaði hópur 270 vísindamanna eftir því að brugðist yrði við upplýsingaóreiðu varðandi bólusetningar, í hlaðvarpsþættum Joe Rogan, sem eru þeir vinsælustu á streymisveitunni Spotify. Engar skýrar reglur lágu fyrir á þeim tíma um orðræðu og efnistöku í hlaðvarpsþættum sem aðgengilegt er á veitunni.

Tónlistarmaðurinn Neil Young gaf málstaðnum byr undir báða vængi þegar hann lýsti því opinberlega yfir að hann vildi að Spotify fjarlægði þættina af streymisveitunni, ellegar myndi hann hverfa á braut með tónlist sína af Spotify.

Hundrað milljónir fyrir Rogan Spotify greiddi hundrað milljónir Bandaríkjadala árið 2020 fyrir dreifingarrett á hlaðvarpsþættunum umdeildu. Hlaðvarpinu var ekki haggð og því stóð Neil Young við stóru orðin og lét fjarlægja tónlistina af veitunni. Samlandi hans og kollegi Joni Mitchell fylgdi síðan fordæmi hans.

„Það er kannski erfitt að segja hvaða áhrif þetta myndi hafa til lengri tíma. Þarna eru tilteknir höfundar að taka mjög skýra afstöðu,“ segir Eður Arnarson, framkvæmdastjóri Félags hljómplötuframleiðenda, í samtali við Fréttablaðið.

Hann segir að höfundar geti

vissulega komið í veg fyrir að efni þeirra sé í boði á streymisveitum. En þó flytji tónlistarmenn einnig tónlist eftir aðra en þá sjálfa, eða lög sem eru samin af fleiri höfundum. „Ef það eru fleiri en einn höfundur, til dæmis Joni Mitchell og einhver annar höfundur sem er ekki sammála henni, þá er spurning hvað verður um það efni,“ segir Eður.

Hlustendur styðja höfunda

Þegar Eður er spurður hvort einhver önnur streymisveita gæti tekið við, svarar hann: „Tekið við, er rosalega ýkt myndi ég halda. Það hafa fjölmargir nú þegar tekið afstöðu með þessum tilteknu höfundum og eru sammála þeirri afstöðu. Ég hef séð það á Facebook að fólk segir frá því sjálfst að það sé að færa sig yfir á Tidal,“ útskýrir Eður.

Norska streymisveitan Tidal var stofnuð árið 2014. Kynningarherferðir Tidal hafa gengið út á að auglýsa veituna sem „streymisveitu í eigu listamanna sjálfra,“ listamanna á borð við Jay-Z, Rihönnu, Kanye West, Nicki Minaj, Daft

Hlaðvörp vekja spurningar um hlutverk Spotify

„Það er áhugavert að velta fyrir sér hvert er hlutverk streymisveitu á okkar tímum þegar kemur að hlaðvarpsefni sem ber ekki skylda til að fara eftir lögum og siðareglum samanborið við aðra fjölmiðla,“ segir Unnur Sara Eldjárn, tónlistarkona og Spotify-sérfræðingur.

„Nú er þetta í annað skiptið á stuttum tíma sem listamaður setur fram kröfu og Spotify bregst við á einhvern hátt, en nýlega fór Adele fram á að „shuffle“ taktinn yrði tekinn af breiðskífum og því var breytt í kjölfarið,“ segir hún.

Unnur Sara segir að mikilvægt sé að vera meðvitaður um að allt séu þetta aðgerðir sem kosti stórfyrirtækið ekki neitt, en hafi hugsanlega jákvæð áhrif á ímynd fyrirtækisins.

„Við höfum séð í gegnum tíðina stóra listamenn sem eru ósáttir við Spotify og taka tónlistina sína út í mótmælaskyni, eins hafa verið ótal undirskriftasafnanir þar sem krafist er til dæmis hærri útborgunar til tónlistarfólks en það virðist ekki hafa haft mikil áhrif á forystu streymisveitunnar til lengri tíma,“ segir Unnur Sara.

„Spotify er með eitt þægilegasta notendaviðmótið og nú þegar hún er búin að taka yfir hlaðvarpsheiminn tel ég að fyrirtækið muni halda yfirburðastöðu sinni þrátt fyrir að einhverjir listamenn og notendur gætu á næstu dögum átt eftir að bætast í hóp þeirra sem kjósa að sniðganga þjónustuna,“ segir Unnur Sara sem telur meira þurfa en þetta til að ógna yfirburðum Spotify.



Joe Rogan hefur bedið afsökunar á þætti sínum í málinu og í gær setti Spotify reglur um fyrirvara á umfjöllun um bólusetningar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Punk, Jack White, Madonna, Arcade Fire og fjölda annarra risa.

Tónlistarkonan Alicia Keys var stórorð á opunarviðburði árið 2015 þar sem hún sagðist vonast eftir því að tilkoma veitunnar markaði kaflaskil í tónlistarsögunni. Kanye West sagði skilið við veituna árið 2017 en hún heldur þó velli og rúmlega það með sérútgáfum og stórum nöfnum innanborðs. Þá hafa listamenn þrefalt hærri tekjur af spilun á Tidal en Spotify.

Réttlætiskenndin vegur þungt

„Fyrir tónlistarmenn gæti það verið mjög gott múv,“ segir Eður, aðspurður um flutning yfir á Tidal. Eður bendir einnig á áskriftarleið innan Tidal, HiFi plus, dýrari

áskriftarleið þar sem tónlistin er í margfalt betri hljómgæðum. „Tidal eru núna árið 2022 að fara að skipta kökunni samkvæmt áskriftarleið sem er eins og ef þú labbaðir út í búð og keyptir plötu. Þín áskrift fer til þeirra sem þú hlustar á.“

En er hvatinn hljómgæðin eða kannski eitthvað allt annað? Sé litið til gagna frá Bretlandi um vínplötuhlustun, má greina að hljómgæði ráði ekki úrslitum, þó að þau séu ívið meiri á vínplötu í samanburði við streymi.

„Réttlætiskenndin skiptir þarna máli fyrir suma,“ svarar Eður.

Gæti jafnarsett íslenska tónlist Aukinn vöxtur Tidal gæti þó haft áhrif af ýmsum toga.



Við höfum séð í gegnum tíðina stóra listamenn sem eru ósáttir við Spotify.



Unnur Sara Eldjárn, tónlistarkona og Spotify-sérfræðingur

„Örlítið neikvæð hlið á því gagnvart íslenski tónlist er að langmesta úrvalið af íslenski tónlist er á Spotify,“ segir hann. „Það gæti verið að margir sem færi sig til skemmrí eða lengri tíma yfir á aðrar veitur finni minna af íslensku efni og þá sérstaklega eldra efni.“

Spurður um hvað kæmi best út fyrir íslenska tónlistarmenn svarar Eður að best væri ef uppgjörsaðferð tónlistarveitanna yrði breytt, og þar með talið Spotify. „Ef þú hlustar tuttugu sinnum meira en maðurinn á næsta borði, ræður þú tuttugu sinnum meira hvernig peningarnir skiptast. En ef þú ferð út í búð og kaupir þér plötu, þá fá réttahafar þeirrar plötu peninginn,“ segir hann. ■

Nýtt heyrnartæki
frá
Beltone

Beltone Imagine™

Skert heyrn spyr ekki alltaf um aldur



Pó aldur sé vissulega ein af ástæðum skertrar heyrnar koma ýmsir aðrir þættir til. Margir viðskiptavinir okkar tala um að þeir vildu hafa komið fyrr. Hágæða heyrnartækin frá Beltone **Imagine™** geta bætt lífsgæðin þín til muna. Þessi nýja kynslóð heyrnartækja tengist beint við snjallsímann þinn eða önnur snjalltæki. Leggðu við hlustir með Beltone **Imagine™** – komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.

Kringlunni • sími 568 7777 • heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN



Draumarúmið er frá Dupen


Þú finnur draumarúmið hjá okkur. Dupen gæðarúmin eru með yfir 20 ára reynslu á Íslandi.

DUPEN
Heilsukoddi fylgir öllum rúmunum í febrúar




Dupen Gold

Handunnin hágæðadýna úr náttúrulegum efnum. Fjórar stærðir í boði.



Dupen Titanium

Einstaklega þægilega dýna samtvinnuð af sjálfstæðum vasa gormum og memory foam.



Dupen Ortopetica

Klassísk dýna með gormakerfi. Dýnan er bólstruð með ofurmjúku lúxus teygjuefni og mjúkum hliðum. Fjórar stærðir í boði.



Kíktu í heimsókn!

Opið virka daga kl. 10-18
Laugardaga 11-15

Patti
HÚSGÖGN

Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - patti.is



Ævintýri Tulipop er skemmtileg þáttaröð um litríkan vinahóp sem býr á töfraeyjunni Tulipop. Á hverjum degi gerast ný ævintýri á eyjunni sem geta haft áhrifaríkar afleiðingar í för með sér en vináttuböndin reynast ævinlega traust.

MYND/ADSEND

Tulipoparar mættir á skjáinn

Nýtt ferðalag um ævintýraeyjuna Tulipop hefst í dag með þrettán þátta teiknimyndaseríu í Sjónvarpi Símans þar sem áhorfendur fá að kynna sveppasystkinunum Búa og Gló og Fredda og Maddy sem öll eru góðir vinir þótt ólík séu.

svavamarin@frettabladid.is

„Eldfjallaeyjan Tulipop er lauslega innblásin af Íslandi þar sem hver þáttur færir íbúum eitthvað óvænt og spennandi með vináttu að leiðarljósi,“ segir Helga Árnadóttir, eigandi Tulipop, og bætir við að þáttaröðin sé bæði myndin og skemmtileg með fjölbreytileikann í forgrunni.

„Við vildum endilega fá krakka til að tala fyrir krakkapersónurnar og komu um 500 krakkar í prufurnar, sem var ótrúlega gaman, sem og hvað þau voru hæfileikarík,“ segir Helga en fyrr í vetur var auglýst eftir röddum átta til tólf ára krakka.

Krefjandi reynsla

Fjórir krakkar hreptu síðan jafnmörg hlutverk. Vilhjálmur Hauksón, á þrettánda ári, er einn þeirra og talar fyrir glöðværa skógarskrímlið Fredda.

„Ég trúði ég ekki mínum eigin eyrum þrátt fyrir að ég vissi alveg að það væri einhver séns,“ segir Vilhjálmur um tilfinninguna þegar hann fékk hlutverkið.



Helga Árnadóttir og Signý Kolbeinsdóttir sem teiknar ævintýraheiminn Tulipop.

MYND/ADSEND

Hann segir talsetningu virðast auðveldari en hún er í raun og veru. „Þegar maður byrjar þá er þetta rosalega erfitt. Það tók oftast einn klukkutíma að gera einn þátt, sem er aðeins sjö mínútur hver,“ segir hann. Kolbrún Helga Örnólfsdóttir sem er tíu ára ljær Gló, hugrökku og orkuríku sveppastelpunni, rödd sína. Kolbrún segir Gló passa vel upp á vini sína og að hún sé mjög ævintýragjarn og einstakur karakter.

Kolbrún segir talsetningavinnuna hafa verið dálítið krefjandi en skemmtilega. „Ég er búin að gera þetta oft og er orðin frekar von núna,“ segir hún glöðlega og bætir við að hún hafi talað inn á Disneykvikmyndina Encanto og þættina Blæju, sem eru sýndir á RÚV.

„Ég er mjög mikið fyrir leiklist og svo finnst mér líka gaman að syngja löggin í þáttunum og heyra í mér í



Við vildum endilega fá krakka til að tala fyrir krakkapersónurnar.

Helga Árnadóttir

sjónvarpinu þegar ég er að horfa,“ segir Kolbrún, stolt af árangrinum.

Stórt skref í ævintýraheimi

„Þetta er afar stór áfangi, að setja þessa þáttaröð í loftið,“ segir Helga um þáttagerðina sem hafi tekið fjöldamörg ár. Hún bendir einnig á að íslenskt teymi, hún sjálf og Signý Kolbeinsdóttir hjá Tulipop, hafi þróað sagnaheiminn og þættina. „Ásamt fjöldanum öllum af hæfileikafólki sem hefur komið að þessu, bæði handritshöfundar, tónlistarmenn, leikstjóri og fleiri.

Þættirnir fara núna í sýningu á Sjónvarpi Símans og við erum einnig byrjuð að gera samninga um sölu víða um heim. Fyrir sumarið mun norska sjónvarpsstöðin NRK hefja sýningar auk þess sem finnska sjónvarpsstöðin YLE hefur staðfest kaup á þáttunum,“ segir Helga stolt. „Við erum að vonast til að þessi íslenski ævintýraheimur mun ná til krakka úti um allan heim.“ ■

Tíu ára ritstjóra vantar fréttaritari

tsh@frettabladid.is

Hinn tíu ára gamli Auðunn Sölvi Hugason er með mörg járn í eldinum en auk þess að stunda nám í 5. bekk við Setbergsskóla ritstýrir hann sínum eigin fréttavef undir nafninu Skólafréttir. Auðunn er búinn að halda Skólafréttum úti síðan í október í fyrra en faðir hans, Hugi Halldórsson, hjálpaði honum að setja upp vefinn.

„Ég byrjaði með skólablað í skólunum mínum en svo hætti ég með það því það var ekki nógu umhverfisvænt,“ segir Auðunn spurður um hvernig hugmyndin hafi kviknað. „Þá kom hugmyndin að því að smíða einhvern vef, svona fréttavef. Þá tók ég nokkra daga í að byggja hugmyndina upp og svo kom sú hugmynd að fá fréttir frá krökkum.“

Hugmyndin með Skólafréttum er að krakkar víða um land geti sent inn fréttir úr skólalastarfi sínu sem Auðunn mun svo birta á skóla-



Auðunn Sölvi, ritstjóri Skólafréttanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

fréttir.is. Auðunn byrjaði að lýsa eftir fréttum á sunnudag og segist þegar hafa fengið nokkur fréttaskot.

„Við fengum nú eina frétt frá Árskóla á Sauðárkróki, já og smá frá Setbergsskóla. En svo erum við aðallega með svona jákvæðar og hressar fréttir. Núna svoltið svona almennar fréttir til að halda lífinu uppi en svo fara að koma fleiri fréttir frá skólum.“

Auðunn er sannarlega maður margra hatta því auk blaðamannafélisins stundar hann einnig leiklist. Hann lék til að mynda í leikritinu Mamma klikk! eftir Gunnar Helgason í Gaflaraleikhúsinu og fer með hlutverk í sýningunni Umskiptingur eftir Sigrúnu Eldjárn sem verður frumsýnd síðar í mánuðinum.

Hefurðu tíma fyrir þetta allt, er ekki rosa mikil vinna að standa í þessu öllu?

„Jú, þetta er svolítið vinna en stundum á ég ekki að mæta á æfingar fyrr en klukkan ellefu og þá nýti ég morguninn aðeins í þetta.“

Spurður um hvort hann stefni frekar á blaðamennskuna eða leiklistina í framtíðinni segist Auðunn vilja halda báðum dyrum opnum. „Það er örugglega einhvern veginn hægt að gera bæði!“ Krökkum sem hafa áhuga á að senda fréttaskot til Skólafréttanna er bent á að hafa samband við Auðunn á netfangið skólafréttir@skolafréttir.is. ■

Ný leið í Hellnahraun, Hafnarfirði



26

Pöntunarþjónusta á vegum Strætó í Hellnahraun.

Frá og með **1. febrúar**
mun ný strætóleið númer
26 þjónusta iðnaðarhverfið
Hellnahraun í Hafnarfirði.



▲ Pöntunarþjónusta

Leiðin verður í póntunarþjónustu sem þýðir að viðskiptavinir panta ferð með því hringja í Hreyfil í síma 5885522 minnsta kosti 30 mínútum fyrir áætlaða brottför skv. tímatöflu.

Tímtöflur eru aðgengilegar inn á straeto.is

Eingöngu er hægt að greiða fyrir ferðina um borð leigubílnum með því að sýna Klapp kort, KLAPP tíu eða fargjald í Strætó appi eða Klapp appi.



Bakþankar



Péturs Georgs
Markan

Kóróna Kristjáns

Auðvitað gekk íslensk þjóð af göflunum eftir tap Dana gegn Frökkum. Sem betur fer eigum við tilfinningar sem ekki eru málbundnar rökhyggju og skynsemi, heldur nærast á funheitum kossum og söltum tárum sem liðast ekki niður heldur spýttast út til hliðar. Svo var einn sem reyndi að tista stöðuna fyrir þjóðinni með því að vísa í tap Íslands gegn Króatíu. Elsku vinurinn.

Landsliðið í handbolta var sólarakaffi landans í þessum annars kolbrýnda janúarmánuði. Þegar þessi þráði geisli, sem Vestfirðingar þekkja svo vel, smýgur inn í janúarskammdegid og hittir Sólgötuna. Kaffi og sólarpönnur. Sigurinn á Frakklandi var ekki bara stig í milli-riðli – heldur blikk örloganna til þjóðar um að þetta verði allt í lagi.

Og þetta verður allt í lagi – svo lengi sem við rótumst í ástríðunni en gleymum ekki hver við erum og hvaðan við komum. Gleymum ekki arfleifð okkar. Ef orðið arfleifð er klofið í tvennt fáum við arf og leifð. Leifð er samstofna sögninni að lifa – arfur okkar er hluti aflifinu sem okkur er gefið til þess að vaxa og dafna – þjóð meðal þjóða.

Heimspjóðin; hugsandi og menntaða, sem sótti menningar-áhrif og nýjar kenningar út um víða veröld, varð ekki til með Marshall-aðstoðinni. Þjóðin naut skjóls og næringar frá öðru heimsveldi, Danaveldi. Og þaðan varð heimurinn að leikvelli okkar – frá Kaupmannahöfn drögum við heiminn heim í kotið.

Dönsk áhrif eru arfleifð okkar – ekki blettur í sögu sjálfstæðrar þjóðar. Dönsk arfleifð var meðal annars mennta-, menningar- og styrkforsenda þess að Ísland varð frjálst meðal þjóða. Að fjarlægja kórónu Kristjáns af Alþingishúsinu er að gleyma því hver við erum og hvaðan við komum. Sjálfstæðis-mynd þjóðar styrkist ekki með því að afbaka söguna. Sjálfstæði þjóðarinnar mælist öðru fremur í styrk lýðræðis og alþjóðasamvinnu. ■

★ GERIÐ GÆÐA & VERÐSAMANBURÐ ★

FULLKOMIN ÞÆGINDI



BODYPRINT
 Reverie
 Sleep well. Live better tomorrow.

STILLANLEG HJÓNARÚM

MEÐ BODYPRINT DÝNU
 - EIN ALLRA BESTA HEILSUDÝNA Í HEIMI



GHENT

FYLD'S
 The Belgian Bed

HANDGERÐ HEILSURÚM
 - FYRIR ÞÁ ALLRA KRÖFUHÖRÐUSTU

RÚMFÖT Í ÚRVALI

Eitt mesta
úrval landsins

YFIR 100
TEGUNDIR



DURANCE ILMUR 2022

Kerti, ilmstrá, þvottaefni,
mýkingarefni og fleira
fyrir heimilið.



ÞÆGILEGIR KODDAR, SÆNGUR, HANDKLÆÐI OG SLOPPAR

EINSTAKAR
ULLARSÆNGUR
& KODDAR



PANDORA HÆGINDASTÓLAR

HLEÐSLUSTÓLL MEÐ
3 MÓTORUM

FALLEG
HÖNNUN OG
ÞÆGINDI

Svefn & heilsa



Allt fyrir góðan svefn og betri heilsu

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
 Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
 Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is



BALDURSNESS 6 - AKUREYRI



VERSLUN & OUTLET - LISTHÚSIÐ - REYKJAVÍK

LISTHÚSINU LAUGARDAL s. 581 2233

BALDURSNESSI 6, AKUREYRI s. 461 1150

OPIÐ virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16

UMBOÐSAÐILAR Húsgagnaval, Höfn í Hornafirði
 og Bara snilld, Egilsstöðum | svefnogheilsa.is



UM FJÓRÐUNGUR LANDS-
 MANNA SEFUR Á DÝNU
 FRÁ SVEFN & HEILSU*
 *Samkvæmt könnun frá Gallup.